

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Sæborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Að þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nær samfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	4
Leiðarljós Sæborgar	4
1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Innra mat í leikskólans	8
2.1 Greinargerð deildarstjóra Garða (yngsta deildin) um starfið á síðasta ári	14
2.2 Greinargerð deildarstjóra Lambhóls (næstýngsta deildin) um starfið á síðasta ári	16
2.3 Greinargerð deildarstjóra Suðurhlíðar (næstelsta deildin) um starfið á síðasta ári	18
2.4 Greinargerð deildarstjóra Brúarenda (elsta deildin) um starfið á síðasta ári	20
2.5 Greinargerð listasmiðjustjóra um starfið á síðasta ári	22
3 Ytra mat	24
4 Greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	26
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	28
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	31
7 Foreldrasamvinna	33
8 Samstarf leik- og grunnskóla	34
9 Skipulagsdagar	35
10 Fylgigögn	35
10.1 Matsgögn	35
Mat á markmiðum í námskrá Matartími – Mat barna og kennara	36
Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar Október 2017	39
Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar – spurningalisti til deilda Nóvember 2017	43
Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar Nóvember 2017	44
Skráning á skapandi efnivið	47
Niðurstöður skráninga á skapandi efnivið	48
Spurningalisti til deildarstjóra um vellíðun barna	50
Niðurstöður um vellíðun barna	51

Starfsmannakönnun maí 2018	52
Starfsmannakönnun maí 2018 Niðurstöður Starfsandi og starfsandi.....	53
Starfsmannakönnun maí 2018 Slysavarnir og fyrsta hjálp	55
Starfsmannakönnun maí 2018 Niðurstöður Slysavarnir	56
Starfsmannakönnun maí 2018 Niðurstöður Erfið hegðun og reglur.....	57
Mat elstu barnanna á Sæborg Samtal leikskólastjóra við börnin í júní 2018.....	58
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	61

*Skjaldbaka og hann geti synt.
Hún er með vængi
og hún geti syndið með vængjunum.
Hún synda norður
í hina skjaldbökuheimilið.
Hann heitir mamma.
Hún borða sjó og fisk.
Hann étur allan matinn sinn.*



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós Sæborgar

Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa.

1 Greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Í upphafi vetrar vantaði um tíu starfsmenn í Sæborg, þar af tvo deildarstjóra. Einn deildarstjóri var ráðinn fyrir haustið en ekki gekk að ráða í deildarstjórastöðuna á yngstu deild leikskólans fyrr en um áramótin. Það tók allan veturinn að fullmanna leikskólann. Þessi mikla starfsmannavelta setti svip á starf vetrarins, auk þess hve seint gekk að ráða inn starfsfólk og langtímaveikindi sem voru í meira lagi. Mikill léttir var af því að hafa eina deild leikskólans lokaða um tíma en með því móti náðist betra utanumhald og við gátum einbeitt okkur betur að þeim þremur deildum sem voru starfandi. Hefði það verið meira álag að hafa yngstu deildina opna og fara síðan í skerðingu á öllum deildum. Foreldrar yngstu barnanna, sem höfðu fengið pláss, voru strax látnir vita í hvað stefndi og síðan voru þeir vel upplýstir allan tímann meðan beðið var eftir deildarstjóranum. Skerðing var aftur á móti gerð á vistunartíma leikskólans og hann stytur um ½ tíma en nú hefur hann verið lengdur aftur. Við þessar aðstæður hefði verið heppilegt að færa stýringuna niður.

Í umbótaáætlun ytra mats frá Menntamálastofnun í fyrra var meðal annars mælt til þess að leikskólastjóri tækist á starfsmannaveltu leikskólans ásamt því að fjölga leikskólakennurum. Starfsmannavelta hefur dregist saman frá því í fyrra en á sama tíma höfðu 10 starfsmenn sagt upp störfum, en núna aðeins þrír. Þrátt fyrir að fáir hafi sagt upp starfi núna verður ekki hægt að gefa foreldrum barna, sem eru að byrja á yngstu deildinni næsta haust, dagsetningu, þar sem enn vantar deildarstjóra. Tekist hefur að fjölga um tvo leikskólakennara í vetur og einn leikskólakennari útskrifast væntanlega í haust.

Náms- og skipulagsdagar leikskólans voru skipulagðir að miklu leyti út frá fjölda nýrra starfsmanna. Á fyrsta skipulagsdegi haustsins voru haldin tvö námskeið, annað kallaðist *Skapandi umhverfi sem áskorun* og hitt *Skráningar og gildi þeirra*. Það var Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi, sem hélt þessi námskeið.

Tveir nýir deildarstjórar fengu handleiðslu sem veitt var miðað við aðstæður.

Á skipulagsdegi í október var skyndihjálparnámskeið frá Rauða krossinum. Til stendur að taka saman góðar leiðbeiningar í tengslum við slys. Einnig hafa verið sett upp veggspjöld á deildum frá Rauða krossi Íslands, sem eru leiðbeinandi varðandi öll helstu slys sem geta orðið á börnum. Því miður eru þessi veggspjöld ekki barnvæn og eru sumar myndirnar hreinlega ógnvekjandi fyrir börn.

Í nóvember kom Kristín Hildur, leikskólaráðgjafi aftur til okkar og í þetta sinn með námskeiðið *Skráningar sem mat á leikskólastarfi*.

Börnin bjuggu til jólatré í desember og er jólatrésgerðin orðinn fastur liður í starfi leikskólans ásamt jólagjöf barnanna til foreldra sinna, en börnin ákveða allt og engin jólagjöf er eins. Hugarflug barnanna í er í öndvegi.

Í byrjun árs fengum við starfsmann frá Vinnuvernd með heilsueflandi námskeið fyrir allt starfsfólk leikskólans. Í framhaldi af þessu námskeiði var unnin vinnuverndarstefna/áhættumat leikskólans. Farið var yfir vinnuverndarstefnuna á starfsmannafundi nokkrum vikum seinna. Einnig var farið vel yfir helstu upplýsingar um samskipti og umgengni í leikskólanum sem nýliðar þurfa að hafa í farteski sínu í Sæborg. Komið er að endurskoðun starfsmannahandbókar Sæborgar.

Á Degi leikskólans í febrúar sóttu sex starfsmenn leikskólans ráðstefnu sem bar yfirskriftina *Við fáum að ráða nema þegar kennararnir fá að ráða*. Ráðstefnan fjallaði, eins og nafnið gefur til kynna, um lýðræði, valdeflingu og þátttöku barna í leikskólastarfi.

Á námskeiðsdegi leikskólans 2. mars sótti allt starfsfólk leikskólans námskeið um leikskólanám 1-3 ára barna. Guðrún Alda Harðardóttir, doktor í leikskólakennarafræðum og rekstrarstjóri leikskólans Aðalþings í Kópavogi, ásamt Sigríður Síta Pétursdóttir, meistara í leikskólakennarafræðum, búandi og starfandi í Noregi, héldu námskeiðið.

Starfsmenn frá Miðju máls og læsis komu með námskeið í leikskólann í mars sem hentaði vel fyrir allan starfsmannahópinn.

Í tengslum við foreldravíkuna 5.-9. febrúar buðum við foreldrum að hanna búninga með barni sínu fyrir öskudaginn. Kom það verkefni mjög vel út og voru allir, jafnt börn sem fullorðnir, ánægðir með útkomuna.

Uppfærð heimasíða leit dagsins ljós á vordögum. Var hún mikið lagfærð og mikið af nýju efni sett inn og annað tekið út. Þar má nú finna margar góðar og gagnlegar skýrslur um þemavinnu og þróunarstarf sem unnið hefur verið í gegnum tíðina en einnig eru þar skemmtileg myndbönd af starfinu með börnunum.

Verið er að þýða foreldrahandbók leikskólans yfir á ensku.

Nú hefur orðið endurvakning á samstarfi Melaskóla, Hagaborgar, Vesturborgar og Sæborgar og auk þess sjálfstætt starfandi leikskólanna Sælukots og Mánagarðs sem stúdentar reka. Skerpt verður á samstarfsáætlun um læsi og byrjað að ræða um ákjósanlegt fyrirkomulag fyrir flutning barna milli skólastiga sem hentar öllum starfsstöðum.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð var gengið til samstarfs við Dalskóla með samskonar verkefni og í fyrra, *Reykjavík borgin okkar*, sem lauk í ár með sýningu á Kjarvalsstöðum.

Segja má að þrátt fyrir skort á starfsfólki og fjölda nýliða, hafi margt verið gert og við staðið okkur ágætlega varðandi faglega starfið þó að framþróun hafi kannski ekki verið mikil. Aðstoðarleikskólastjóri, sem jafnframt er listasmiðjustjóri leikskólans, á heiður skilið, en hann vildi halda öllu gangandi með miklum metnaði og ekki hnika frá föstum liðum eins og jólagjöf og öskudagsbúningum. Aðstoðarleikskólastjóri stjórnaði verkefninu Reykjavík borgin okkar og stýrði því að sýningin færi á Kjarvalsstaði. Von er á skýrslu næsta vetur um Reykjavíkurverkefnið sem stóð í tvö.

Við fengum nokkrar heimsóknir í vetur, mest erlendis frá. Í september kom yfirmaður verkefnisins *Kulturprinsen* í Viborg í Danmörku, sem var samstarfsverkefni Sæborg og fleiri skóla veturinn 2016-2017. Þrír gestir sem einnig tengdust verkefninu komu að skoða starfið í Sæborg, tveir frá Eistlandi og einn frá Danmörku. Í nóvember kom svo leikskólinn Heiðarborg í Reykjavík í heimsókn og apríl komu tveir hópar frá leikskólanum Espira Taremareby í Sandnes í Noregi. Kristín Dýrfjörð, kennari við Háskólanum á Akureyri, kom ásamt slóvenskum leikskólakennurum í heimsókn og síðar með slóvenskan prófessor, sem vinnur í miklu samstarfi við leikskóla í Ljubljana. Við erum að skoða mögulegt samstarf við slóvensku leikskólakennarana sem heimsóttu okkur. Í byrjun júní komu síðan leikskólastjórar frá Reykjanesbæ og Garðinum í heimsókn ásamt leikskólafulltrúa bæjarins.

Nýr leikskólastjóri, *Ásta Kristín Svavarsdóttir*, mun taka til starfa í ágúst en fráfarandi leikskólastjóri *Soffía Þorsteinsdóttir* lætur af störfum 29. júní eftir tuttugu og eitt ár í Sæborg.



2 Innra mat í leikskólans

Innra mat Sæborgar byggðist að miklu leyti á ytra mati Menntastofnunar sem gert var vorið 2017 en einnig á faglegum samræðum sem höfðu átt sér stað í síðasta vetri. Í framhaldi af ytra mati gerðum við matsáætlun fyrir veturinn 2017-2018. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sáu um að halda utan um matið. Matið fór fram á starfsdögum, deildarfundum, fagfundum, stjórnarfundum og í spurningakönnun til foreldra.

Nokkur markmið í námskrá Sæborgar voru metin:

- *Að efla og styrkja færni barna í daglegum athöfnum (okt. 2017)*
 - Spurt var um sjálfstæði og færni í fataklefa og matmálstíma.

Niðurstöður

Þrjár deildir svöruðu spurningalista. Tvær eldri deildirnar sögðu börnin að mestu leyti geta klætt sig sjálf en næstyngsta deildin sagði börnin geta klætt sig með aðstoð. Leiðir til að vinna að því að efla þessa færni barnanna eru t.d. að fá foreldra til að virkja þau heima fyrir, að gefa þeim nægan tíma í fataklefanum, að hafa leikútiföt inni á deild sem þau geta æft sig að klæða sig í og að nota hvatningu og hrós. Í matartíma geta börnin á eldri tveimur deildunum að mestu leyti bjargað sér sjálf og börnin á yngstu deildinni að einhverju leyti eða með aðstoð. Leiðir til að efla færni barnanna í matartíma eru t.d. að halda áfram að hvetja þau áfram og að fá foreldra til að virkja þau heima. Flestir voru sammála að brauðhnífarnir og hart smjör geri börnunum erfitt með smyrja. Smjörhnífar væru sennilega betri en ekki er til fjárveiting til að kaupa svo marga smjörhnífa að hvert barn hafi afnot af einum. Jafnframt þarf smjörið að vera mýkra og skoða þarf hvort að hægt sé að finna þægilegri áhöld fyrir börnin til að skammta sér mat.

(Matsgagn 1 og 3)

- *Að börnin upplifi lýðræði og jafnrétti í leikskólanum (okt. 2017)*
 - Spurt var um tillitsemi, virðingu fyrir skoðunum annarra og hvort öll börnin fái tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Niðurstöður

Þrjár deildir svöruðu spurningalistanum. Starfsfólk deilda taldi að oftast eða alltaf sé tekið tillit til allra á deildinni. Sem dæmi er það gert í leik, hádegis- og kaffiflæði og í söngstundum. Starfsfólk Suðurhlíðar nefndi að sumum börnum þykir alltaf gaman í samverustundum og því mætti stundum hvert barn velja hvort það fer í samverustund eða í rólegan leik. Börnin sýna oftast hvert öðru virðingu samkvæmt niðurstöðum en engar hugmyndir komu um það hvernig hægt væri að efla þessa hegðun. Deildirnar þrjár töldu börnin oftast eða alltaf fá tækifæri til að tjá sig og segja frá. Sem leið til að gera börnum grein fyrir því að allir eiga rétt á því að segja frá væri hægt að nota klípusögur og umræður í samverustundum. Eftir áframhaldandi umræður ræddum við um að veita börnunum mikla jákvæða athygli þegar þau virða skoðanir annarra og jafnvel ræða um það í barnahópnum.

(Matsgagn 2)

- *Að tónlist, myndlist, dans og leikræn tjáning verði virkur hluti af starfi barnanna (okt. 2017)*

- Spurt var um hversu oft söngur, hljóðfæri, dans, málning, leir, lím og leikræn tjáning ætti sér stað eða væri í boði.

Niðurstöður

Svarmöguleikar voru daglega, nokkrum sinnum í viku, einu sinni í viku og mánaðarlega. Eftir að hafa svarað listunum, og áður en við unnum úr þeim, bjuggum við til viðmið á starfsdegi um hversu oft okkur þykir að tónlist, myndlist, dans o.s.frv. eigi að vera í leikskólanum.

Niðurstöður úr svarlistum sýndu að deildir eru ekki samtaka um hversu oft skapandi tjáning, með ólíkum leiðum og efnivið, átti sér stað nema það sem viðkom söng. Elsta deildin,

Brúarendi, sinnti öllum þáttum ýmist daglega eða nokkrum sinnum í viku nema hljóðfærum sem voru mánaðarlega. **Suðurhlíð**, næstelsta deildin, sinnti öllum þáttum daglega, nokkrum sinnum í viku eða vikulega. Næstyngsta deildin, **Lambhóll**, sinnti söng daglega, dansi nokkrum sinnum í viku, hljóðfærum vikulega en málningu, leir og lími aðeins mánaðarlega. Ákveðið var að skrá það hversu oft þessir skapandi þættir væru í boði næstu mánuðina sem leið til að efla þá.

(Matsgagn 2)

- *Að búa börnum umhverfi og andrúmsloft sem auðveldar þeim að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og örvar skapandi hugsun í leik, bæði inni og úti (nóv. 2017)*
 - Spurt var um aðgang barna að ákveðnum efnivið inni á deild, þ.e. málningu, fjölbreyttum litum, vatnslitum, lími, efnivið til að líma, skærum og jarðleir/steinleir. Jafnframt var spurt hvað af þessum efnivið börnin hafa notað úti undanfarna mánuði. Að lokum var spurt hvort umhverfi deilda væri hreyfanlegt og breytilegt.
- (Matsgagn 2)

Niðurstöður

Kennarar næstyngstu deildarinnar, **Lambhóls**, nefndu að þeim þætti sumt af þessu leikefni ekki geta verið í hæð barna þar sem þau gætu krassað og málað á vegg eða farið sér að voða en nefndu jafnframt að þau þyrftu að læra að umgangast þetta leikefni með kennurum.

Kennarar **Suðurhlíðar**, næstelstu deildarinnar, sögðu börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum litum en ekki málningu, vatnslitum, leir, lími, efni til að líma, skærum og jarðleir. Jafnframt vildu kennarar hafa t.d. málningusýnilega en ekki alveg aðgengilega börnunum en þó þannig að þau geti beðið um hana. Á **Brúarenda** hafa börnin greiðan aðgang að flestu. Í síðari umræðum kom fram að þótt að allur efnivið geti ekki verið í hæð barnanna þá viljum við hafa hann sýnilega börnunum þannig að þau geti séð hann og óskað eftir að nota hann. Svör við því hvað af þessum efnivið börnin hafa notað úti voru t.d. skæri, málningu, krítar, leir og vatnsliti.

Svörin við spurningunni um hvort umhverfi deildanna væri hreyfanlegt og breytilegt voru að sumar hillur væru ekki veggfastar og því auðvelt að færa þær til. Lítill fjöldi innstungna er hins vegar hamlandi þar sem það eru ekki margir staðir fyrir tölvuna, ljósaborðið, myndvarpann, mismunandi lampa og fleira sem þarf að tengjast rafmagni.

(Matsgagn 3)

- *Að börnin upplifi að hlustað sé á skoðanir þeirra, hugmyndi og óskir og að börnin geti haft áhrif á umhverfi sitt (nóv. 2017)*

- Spurt var hversu oft börnin ráða hvaða leikfni þau leika með og hvað fleira þau hafa tækifæri til að ráða og ákveða sjálf

Niðurstöður

Svör á milli deilda voru mismunandi enda lagði starfsfólk greinilega ólíka merkingu í það að ráða hvaða leikfni börnin leika með. Starfsfólk **Lambhóls** talaði um að börnin væru of ung til að geta ráðið hvaða leikföng þau velja en sögðu jafnframt að börnin léku mikið í frjálsum leik. Þar ráða börnin að sjálf sögðu miklu um hvað þau leika með. Starfsfólk **Suðurhlíðar** sagði að börnin væri oftast spurð hvað þau vildu leika með en einnig að oft væri skipt út leikfni.

Starfsfólk **Brúarenda** sagði börnin hafa áhrif á leikfni daglega.

Jafnframt lagði starfsfólk allra deilda áherslu á að hlustað sé á börnin þegar þau tjá skoðanir og hvert tækifæri gripið til að þau fái tækifæri til að ráða og taka ákvarðanir um leiki sína, umræðuefni í samverustundum og þemu. Í matarflæði ráða börnin hvað þau borða og hvar þau setjast. Einnig ákveða þau sjálf hvað þau gera úti og inni í leik. Stundum er val um söngstundir (hvort þau taka þátt eða leika frammi).

(Matsgagn 4)

- Starfsmenn deilda skráðu niður fjölda skipta sem unnið var með skapandi efnivið frá tímabilinu 2. janúar – 16. febrúar annars vegar og hins vegar 17. febrúar – 5.maí.

(Matsgagn 5)

Niðurstöður

Þegar fyrri skráningin fór fram höfðum við ekki enn búið okkur til viðmið um hversu oft okkur þætti mikilvægt að bjóða upp á þennan efnivið. Þegar aðstoðarleikskólastjóri skoðaði skráningu fyrir fyrra tímabilið kom í ljós mjög mikið misræmi á milli deilda og því mjög nauðsynlegt að samræma viðmið um þennan efnivið. Eftir að það hafði verið gert fór seinni skráning fram og var greinilegt að dögum fjölgaði sem þessi efniviður var á boðstólnum.

Jafnframt voru starfsmenn deilda beðnir að skrá niður *hvernig* unnið var með hvern efnivið.

(Matsgagn 6)

Metið var hvernig við stuðlum að vellíðan barna með spurningalista til deildarstjóra

(maí 2018)

Spurt var um hópastærðir í samverustundum, skapandi starfi, útiveru og inniveru. Einnig hvernig tækist að búa til rólegt andrúmsloft inni á deildum. Að lokum var spurt hvort deildarstjórar teldu sig geta notað allan leikskólann fyrir starf með börnunum. (Matsgagn 7)

Niðurstöður

Barnahópum Sæborgar er ýmist oft eða stundum skipt í minni hópa í samverustundum nema á yngstu deildinni þar sem hafa verið færri börn. Í skapandi starfi er barnahópnum alltaf skipt í minni hópa, auk þess sem börnunum er oft skipt til helminga í inni- og útiveru.

Undantekning frá þessu er yngsta deildin en börnin þar fara oftast öll út fyrir hádegi þar sem hvíldin þeirra er venjulega til klukkan tvö. Oftast tekst að skapa róandi stemningu á deildum sem er mjög jákvætt. Mismunandi svör bárust um það hvernig gengi að nýta allan leikskólann fyrir barnahópinn. Við munum skoða það næsta skólaár.

(Matsgagn 8)

Starfsmannakönnun þar sem metin var starfsandi (maí 2018)

Spurt var um hrós frá yfirmönnum, hrós frá samstarfsfólki, jákvæða hvatningu og ábendingar.
(Matsgagn 9)

Niðurstöður

Í könnun um starfsanda kom ýmislegt jákvætt í ljós. Yfirmenn (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar) standa sig nokkuð vel í að hrósa og hafði flestum starfsmönnum verið hrósað nokkrum sinnum af yfirmanni en fjórum starfsmönnum einu sinni. Hrósinn þóttu uppbyggileg nema einum starfsmanni fannst það ekki.

Starfsfólkið er jafnframt duglegt að hrósa samstarfsfólki enda þarf ekki yfirmann til þess að hrósa. Öllum starfsmönnum nema tveimur hafði verið hrósað af samstarfsfólki. Mikilvægt er að allir starfsmenn hafi það í huga að hrós frá skiptir máli, sama frá hverjum það kemur. Flestir sögðust hafa hrósað öðrum nema einn starfsmaður sem vonandi finnur það hjá sér sem fyrst að hrósa öðrum.

Þátturinn sem sneri að jákvæðum ábendingum og hvatningu kom ágætlega út og eru jákvæðar ábendingar gefnar ýmist oft eða stundum.

(Matsgagn 10)

Starfsmannakönnun um þekkingu starfsmanna um hjálp í viðlögum (maí 2018)

Spurt var um hvort starfsmaður hefði farið á námskeið um hjálp í viðlögum.

Spurt var hvort starfsmaður vissi um sjúkrakassann í Sæborg.

Spurt var um hvort starfsmaður vissi hvar bráðaupplýsingar barna eru geymdar.

(Matsgagn 11)

Niðurstöður

Um helmingur starfsmanna sótti námskeið í fyrstu hjálp sem haldið var í Sæborg í haust. Sex aðrir fóru fyrir nokkrum árum en tveir starfsmenn hafa aldrei farið. Við teljum það mjög nauðsynlegt að Skóla- og frístundasvið bjóði upp á námskeið í fyrstu hjálp með reglulegu millibili svo að hægt sé að senda nýtt starfsfólk á námskeið jafnóðum. Þessi námskeið eru afar dýr fyrir leikskólana og ekki raunhæft að þeir taki hálfan starfsdag á hverju ári fyrir þessi námskeið.

Allir starfsmenn nema einn vissu hvar sjúkrakassi Sæborgar er og aðeins tveir vissu ekki hvar bráðaupplýsingar barna eru geymdar. Hins vegar þurfum við að skerpa á verklagsreglum ef slys ber að höndum þar sem einungis fimm starfsmenn telja sig þekkja reglurnar vel, sjö starfsmenn að einhverju leyti og fimm alls ekki.

(Matsgagn 12)

Starfsmannakönnun um þekkingu starfsfólks á því hvernig á að taka erfiðri hegðun

(maí 2018)

Spurt var hvort starfsmaður hefði setið fyrirlestur sérkennslustjóra um viðbrögð við erfiðri hegðun auk þekkingu starfsmanna á þeim reglum sem gilda í Sæborg auk þeirra reglna sem börnin höfðu samið.

Niðurstöður

Flestir starfsmenn telja sig kunna vel eða að einhverju leyti að taka á erfiðri hegðun barna.

Minna en helmingur starfsmanna var á fyrirlestri sérkennslustjóra um erfiða hegðun síðasta vor og sýnir það hversu mikil hreyfing hefur verið á starfsmannahópnum á innan við ári. Jafnframt hafði innan við helmingur starfsmanna kynnt sér glærur frá fyrirlestrinum. Helmingur starfsmanna þekkir ekki þær reglur sem börnin bjuggu til síðasta vor og eru þær einungis sýnilegar á Suðurhlíð. Flestir þekkja vel eða að einhverju leyti þær reglur sem gilda í Sæborg.

(Matsgagn 13)

Spurningakönnun til foreldra um hreyfingu í leikskólanum

Þessari spurningakönnun er frestað fram á haust vegna anna.

Mat elstu barnanna á leikskólanum (júní 2018)

Samtölin fóru fram inni í fundarherbergi leikskólans sem kallast Skotið. Tíu börn sem öll eru á sjötta ári ræddu við Soffíu leikskólastjóri í tveimur hópum. Spurningarnar voru opnar og börnin leiddu samtalið út frá því hver áhugi þeirra var.

Niðurstöður

Börnin höfðu frá ýmsu að segja og fannst þeim meðal annars skemmtilegast að fara í ferðir, sula í sullukerinu, leika úti og fara í hestaleik. Þau sögðu líðan sína í leikskólanum vera góða, það væri skemmtilegt í leikskólanum en stundum væru þau þreytt. Þau sögðu jafnframt að kennarar ættu að vera hugmyndaríkir, skemmtilegir og nenna að fara í leiki með þeim. Börnin sögðu að ef þau mættu ráða myndu þau vilja fara í Viðey, taka rennibrautina og byggja risastóran klifurvegg, leika, hlaupa, teygja sig, vera úti allan daginn, borða daglega ís, ristað brauð og hakk og spagettí. Sumt sögðu þau erfitt við að vera í leikskóla, t.d. að fara rösklega yfir götur í röð, að þurfa að vakna á morgnanna, of mikil læti í leikskólanum til að hvíla sig og benti eitt barn á það að það vantar rúm í leikskólann.

(Matsgagn 14)

Umbótaáætlun fyrir veturinn 2018-2019

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðilar	Endurmat hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Faglegt skipulag og stjórnun	Að gera deildarfundir, stjórnarfundir og aðra fundir markvissari sem nýtist betur í öllu faglegu starfi	Fundargerðir skráðar fyrir alla fundir sem nýtast til samræðna, endurmats og ígrundunar	Sept. 2017- júní 2019	Deildarstjórar, aðstoðar- leikskólastjóri og leikskóla-stjóri	Fundargerðir skoðaðar, rifjaðar upp jafnóðum. Lokamat í júní 2019 þegar leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri fara yfir fundargerðir í heild	Efla faglega starfið á þann hátt að það verði markvissara. Rýna í það hvernig deildarfundir nýtast í því tilliti
Námskrá Sæborgar	Endurskoða námskrá Sæborgar og bæta við kafla um sérkennslu í leikskólanum	Bæta við kafla sem skrifaður er af sérkennslu-stjóra í samráði við aðra stjórnendur í leikskólanum.	September 2018 – júní 2019	Sérkennslustjóri og aðstoðar- leikskólastjóri	Júní 2019 Óskum eftir álitum frá SFS	Kafla um sérkennslu teljist fullnægjandi

Fjölmennning	Efla vinnu með fjölmenningu í starfi Sæborgar	Fá fyrirlestur frá Fríðu Bjarneyju um fjölmennningar-legt starf. Fara í heimsóknir í leikskóla sem eru framarlega í vinnu með fjölmenningu.	September 2018 – maí 2019	Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri	Maí 2019 Spurningakönnun fyrir hverja deild. Spurningakönnun til foreldra	Fjölmennningar-stefna Sæborgar
Tvítýngd börn	Gera málörvun tvítýngdra barna markvissari	Fá fræðslu fyrir allt starfsfólk um málörvun og símat á málþroska barna af erlendum uppruna	September 2018 – júní 2019	Leikskólastjóri og sérkennslu-stjóri	Júní 2019 Farið yfir þau gögn sem til eru um málþroska þeirra tvítýngdu barna sem eru í leikskólanum	Áætlun um vinnu með tvítýngd börn
Markmið úr námskrá	Vinna ítarlega með ákveðin markmið í námskrá Sæborgar	Taka tvö til þrjú markmið á hverju ári	September 2018 – júní 2023	Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri	Metið á hverju ári. Ólíkar matsaðferðir	Markvissara starf sem endurspeglar námskrá leikskólans



2.1 Greinagerð deildarstjóra Garða (yngsta deildin) um starfið á síðasta ári

Deildin opnaði í janúar með aðeins 7 börnum en smám saman hefur bæst í hópinn. Það hefur verið aðlögun í hverjum mánuði fram í júní en börnin er nú orðin 15 talsins, 13 í heilsdagsplássi og 2 í hálf dagsplássi. Síðustu mánuðir hafa farið í að kenna börnunum á aðstæður í leikskólanum ásamt því að veita þeim hlýju og öryggi. Eftir því sem fjölgaði í barnahópnum lögðum við meiri áherslu á að skipta hópnum í smærri hópa, nýta öll rými deildarinnar vel og skapa rólegri og hljóðlátari aðstæður fyrir börnin.

Við höfum einnig verið að vinna sérstaklega með einn af grunnþáttum menntunar, lýðræði, og hefur markmiðið verið á að styðja betur við valdeflingu yngstu barnanna. Börn fæðast með löngun að vilja leita svara og við á Görðum leggjum áherslu á að skapa rými og aðstæður fyrir þau til að finna sín svör, móta viðhorf sín og skoðanir og verða sjálfstæðari í leikskólastarfinu. Ef kennarar vanmeta börnin þá kemur það niður á þátttöku barna en ef litið er á börn sem getumikil þá sést glögglega að þau geta meira en maður hélt. Við höfum lagt mikla áherslu á matartímann en þar eru börnin hvött til að skammta sér sjálf, hella sjálf í glösin og ganga frá eftir sig sjálf. Börnin eiga ekki ákveðin sæti heldur ráða hvar þau sitja að hverju sinni en um þrjú borð er að velja. Við reynum að ýta undir sjálfshjálpar barnanna og jafnvel að aðstoða hvert annað. Einnig höfum við hvatt börnin til að æfa sig að klæða sig sjálf, bæði í fatalefa og inni á deild. Við fengum foreldra í lið með okkur að safna ýmsum gömlum útifötum sem börnin hafa aðgang að inni á deild. Þannig geta þau æft það að klæða sig í og úr í gegnum leik í rólegu umhverfi.

Í tengslum við þemaverkefni vetrarins, *Reykjavík – borgin okkar*, fóru börnin í vettvangsferðir og skoðuðu nánasta umhverfi leikskólans. Í þessum ferðum réðu börnin ferðinni sjálf, í stað þess að stýra þeim á einhvern ákveðinn stað þá eltum við kennararnir börnin og áhuga þeirra. Þó að upplifun barnanna hafi verið ólík og þau dregist að ólíkum hlutum þá var augljóst að börnin þurftu ekki að fara langt til að upplifa eitthvað nýtt og framandi, nánasta umhverfi leikskólans hafði upp á allt að bjóða.

Við settum okkur það markmið að hlúa að leik barnanna en leikurinn er ein helsta námsleið barna og mjög mikilvægur í námi þeirra. Börn fá tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leikinn, eiga í samskiptum við önnur börn og einnig ýtir leikurinn undir hæfni þeirra til að frjóvga ímyndunaraflíð. Mismunandi leikir reyna á mismunandi þroska og getur leikurinn því verið góð æfing fyrir samskipta-, hreyfi- og vitsmunabroska, allt eftir því hvert viðfangsefni leiksins er. Börnin eru farin að vera dugleg í hlutverkaleik og sækja sér yfirleitt innblástur úr sínu nánasta umhverfi og setja sig í hlutverk mömmu, pabba, litla barns eða ýmissa dýra. Við skiptum börnum í minni hópa til að gefa meiri næði fyrir leikinn.

Öll börn eru með ferilmöppur þar sem skráningum er safnað en skráning er aðferð til að meta nám, þroska og vellíðan barna. Þessar skráningar veita okkur upplýsingar um hvað börnin geta, hvað þau vita og hvað þau skilja og eru upplýsingarnar notaðar til að skipuleggja leikskólastarfið. Skráning er mjög góð leið til að kynnast börnunum betur sem einstaklingum og til að hafa betri yfirsýn á framförum þeirra og hvað þarf að styðja þau frekar í. Þannig getum við haft einstaklingsmiðaðra nám og komið til móts við öll börnin. Allir starfsmenn deildarinnar hófu störf í Sæborg á þessum vetri og eru því enn að tileinka sér þá hæfni sem þarf við gerð skráninga. Við viljum efla okkur enn frekar í skráningum og gera fleiri á næsta ári en við höfum haft tök á í vetur.

Við höfum einnig hvatt foreldra til að gera skráningar heima með börnunum sem þau svo fá að sýna og segja frá í samverustundum. Það hefur reynst mjög vel í vetur og hafa nánast öll börnin komið með að minnsta kosti eina skráningu, sum mun fleiri. Börnunum finnst ótrúlega gaman að fá að sýna hinum börnunum skráningarnar sínar og börnin æfa sig í að segja frá og hlusta á frásagnir barnanna.

Í vetur höfum við verið dugleg að fara út og hreyfa okkur og reynum við að fara út á hverjum degi, þá helst fyrir hádegi. Á þeim dögum sem ekki var hægt að fara út sökum veðurs settum við upp þrautabrautir, svæði til að hoppa, dansa, hjóla, halda jafnvægi og kuðlast til að svala hreyfipörf barnanna.

Þar sem starfsmenn yngstu deildarinnar færast með börnunum upp á næstu deild þá eru markmiðin sem við setjum okkur fyrir næstýngstu deildina.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Valdefling barna	Að efla enn frekar sjálfshjálpi barna í matartímum.	Koma á matarflæði með hlaðborði í hádeginu	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki.	Meiri færni barna í matartímum og aukið sjálfstraust.
Valdefling barna	Að efla enn frekar sjálfshjálpi barna í fataherbergi	Nota áfram leikföt til að æfa sig að klæða. Skipuleggja fataherbergið þannig að börnin fari í litlum hópum	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki.	Meiri færni barna í að klæða sig sjálf og aukið sjálfstraust.
Skráningar	Að starfsfólk eflist í skráningum	Allir starfsmenn setja sér skráninga-markmið. Starfsfólk skiptir skráningum á milli sín.	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Stutt greinagerð frá öllum starfsmönnum.	Fleiri skráningar í námsbækur barnanna. Aukin kunnátta starfsfólks í skráningum.
Vettvangsferðir	Að fara í fleiri vettvangs-ferðir	Skipuleggja vettvangsferðir strax í haust með litlum hópum barna	September 2018 - júní 2019	Deildarstjóri	Allar vettvangsferðir skráðar niður og skoðað hvað heppnaðist vel, hvað hefði betur mátt fara og hvar áhugi barnanna lá.	Fleiri vettvangsferðir
Skapandi efniviður	Að auka sýnileika og aðgengi barna að skapandi efniviði, t.d. skærum, málningu, vatnslitum, lími, leir o.s.frv.	Finna leiðir til að efniviðurinn sé ýmist í hæð barnanna eða sýnilegur þannig að börnin geta óskað eftir honum.	September 2018 - júní 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum. Ljósmyndir teknar af rými deildarinnar með tilliti til skapandi efniviðar til að meta markmiðið.	Aukning á skapandi starfi inni á deildinni.

Ólöf Guðmundsdóttir,
deildarstjóri Garða

2.2 Greinagerð deildarstjóra Lambhóls (næstyngsta deildin) um starfið á síðasta ári

Börnin sem voru á Lambhól veturinn 2017 – 2018 voru á aldrinum 2ja til 3ja ára. Þau fluttu frá Görðum (yngstu deildinni) í lok ágúst 14 talsins en fjölgaði í 18 þegar leið á haustið. Aldursbreiddin í hópnum var rúmir 13 mánuðir, þ.e. frá byrjun maí 2014 til loka júlí 2015. Grunnverkefni vetrarins voru þrennskönar. Í fyrsta lagi að styðja börnin í að ná tökum á daglegum athöfnum eins og að klæða sig fyrir útivist, ná tökum á salernisferðum, sjálfshjálpi í matartímum og finna sína leið til að slaka aðeins á eftir matinn. Í öðru lagi að skapa góða félagslega heild á deildinni en það krefst færni að vera bæði hluti af heild og þróa sig sem einstakling. Í þriðja lagi hreyfing og skapandi starf.

Hvað færni í fataklefa varðaði var reynt að passa upp á að ekki færu of mörg börn í fataklefann í einu svo að þau fengju rými og næði til að klæða sig. Á þann hátt var auðveldara fyrir starfsmenn að hafa yfirsýn yfir hópinn og hjálpa þar sem það þurfti. Í matsalnum sátu starfsmenn með börnunum við borð og aðstoðuðu þau við matinn í upphafi vetrar en í mars var komið á svokölluðu flæði í hádegismatnum en það þýddi að börnin sækja sér matinn á hlaðborð og velja sér svo sæti. Starfsmenn aðstoða við að skammta og hjálpa við það sem þarf t.d. að smyrja en börnin sjá að mestu um sig sjálf. Börnin sýndu strax mikið sjálfstæði og færni í flæðinu og andrúmsloftið í matsalnum var afslappað. Það var stórt verkefni fyrir börnin að sleppa bleiunni og þá ekki síst að vilja kúka í klósettið. Starfsfólkið gerði sér far um að skapa rólegt andrúmsloft í kringum klósettferðir og tala á jákvæðum nótum um þetta mikla verkefni sem börnin stóðu frammi fyrir. Það var reynt eins og kostur var að barnið upplifði ekki pressu í tengslum við það að fara á salernið. Það tók börnin mis langan tíma að ná tökum á þessu verkefni en í lok vetrar hafa nánast öll börnin sleppt bleiunni. Hvíld var mikilvægur þáttur í lífi barnanna á Lambhól. Í upphafi vetrar sváfu nær öll börnin í einhverja stund eftir matinn en að vor voru flest hætt að sofa. Það var tekin ákvörðun á deildinni að halda hvíldinni óháð því hvort að börnin myndu sofa eða ekki. Í báðum rýmum, innri og fremri stofu, voru bækur í boði. Í innra herberginu var spiluð slökunar tónlist en í því fremra sefandi möntrur, rokk, jazz eða þekkt dægurlög. Inni í hvíldinni var reglan að sitja eða liggja á dýnu með bók eða bara slaka á. Í fremra herberginu var boðið upp á verkefni eins og leir, vatnslitirnir, klippa, plús-kubbar, að hlusta á sögu eða rólegur leikur. Þessi nálgun á hvíld gaf góða raun. Í hvíldarherberginu skapast mjög notalegt andrúmsloft sem mörg barnanna sóttu í þó í mislangan tíma væri og stemningin í fremra herberginu varð líka rólegri vegna þess að aðeins hluti barnanna valdi að fara beint í leik eða skipulögð verkefni eftir matinn.

Stór hluti af starfinu miðaði að því að styðja börnin í að ná tökum á félagsfærni og því að leika saman. Á þessum aldri er leikur barna að breytast frá samhlíða leik í að leika saman en það krefst samvinnu, umburðarlyndis og gagnkvæmrar virðingar. Að tileinka sér þessa þætti er stórt verkefni sem krefst leiðsagnar og stuðnings frá starfsfólki. Í samverustundum var ýtt undir frásagnir og samræður barnanna og að þau hlustuðu á hvort annað. Það hefur verið gefandi að fylgjast með hvernig börnin hafa smám saman lært að leika saman og taka tillit til hvers annars. Það er greinilegt að börnin upplifa sig orðið sem heild þó að tengingar á milli einstakling séu mismiklar.

Í vetur var lögð áhersla á hreyfingu og líkamlega upplifun barnanna af umhverfi sínu. Skapað var rými inn á deild til að hoppa og dansa, áhersla var lögð á að börnin færu út á hverjum degi að minnsta kosti einu sinni og farið var með börnin í ferðir út fyrir leikskólalóðina, þá fyrst og fremst í fjöruna sem liggur rétt inná seilingar. Það var líkamleg áskorun fólgin í því að ferðast niður í fjöru í gegnum hátt gras, snjó, stórgrýti, hálku, sand o. sv. fr. Á tímabili var einnig boðið upp á skipulagðar

hreyfistundir. Þá var börnunum skipti í minni hópa þar sem þau fengu að kynnast nokkrum dönsum, hreyfispuna, slökun, hugleiðslu og almennum leikfimiæfingum við þeirra hæfi.

Til að skapa svigrúm fyrir leik var börnunum skipt upp í minni hópa eftir aldri í mismunandi verkefnum. Yngri fóru út fyrir hádegi en þá var hægt að veita þeim aukna athygli í fataklefanum á meðan hin fengu þá aukið næði til að leika sér inni. Eldri börnin fóru svo út eftir hádegi sem þýddi rólegt andrúmsloft inn á deild fyrir þau yngri sem voru að vakna og koma fram í leik eða skipulegt starf. Börnunum var einnig skipt eftir aldri í samverustundum þannig að auðveldara væri að velja lesefni, sönglög og verkefni við hæfi hvers aldurs hóps. Í skipulögðu starfi var börnunum skipti niður í 4-6 barna hópa allt eftir viðfangsefni.

Stærsti hluti barnanna á Lambhól flyst saman yfir á Suðurhlíð næsta vetur og starfsfólkið með. Það er því hægt að vinna með hópinn í beinu framhaldi af því sem þau hafa verið að gera í vetur.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Sameiginlegt flæði á milli Suðurhlíðar og Brúarenda	Tækifæri fyrir börnin af B og S að leika saman og læra hvert af öðru	2 sinnum í viku, þegar B og S eiga torgið	Fyrri hluti dags, frá 9:45-10:45. 2x í viku. September 2018 – maí 2019	Deildarstjórar Brúarenda og Suðurhlíðar	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Barnahópurinn metur flæðið með broskalla töflu.	Aukið flæði á milli deilda og nánari tengsl.
Skapandi tjáning	Að vinna meira með hreyfingu, söng, notkun tungumáls og skapandi efnivið	Skipuleggja hreyfistundir í dagskipulaginu. Gera skapandi efnivið aðgengilegri börnum og starfsfólki. Vinna með tungumálið, t.d. í gegnum sögur og spuna.	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum. Skráning á hreyfistundum og öðru skapandi starfi.	Aukið skapandi starf.
Samskipti	Að börnin verði færari í að leysa úr ágreiningsmálum og læri að taka tillit til annarra barna	Nota klípusögur til að auka þekkingu barnanna á lausnum og efla samkennd. Vera til staðar þegar ágreiningur á sér stað og leiðbeina.	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Fylgst með samskiptum í leik. Skráð niður velheppnaðar lausnir á vanda og önnur jákvæð samskipti. Umræður á deildarfundum.	Betri samskipti. Öruggeri börn. Meiri vellíðan.
Skráningar	Að starfsfólk eflist í skráningum	Allir starfsmenn setja sér skráninga-markmið. Starfsfólk skiptir skráningum á milli sín.	September 2018 - maí 2019	Deildarstjóri	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Stutt greinagerð frá öllum starfsmönnum.	Fleiri skráningar í námsbækur barnanna. Aukin kunnátta starfsfólks í skráningum.

Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir,
deildarstjóri Lambhóls

2.3 Greinagerð deildarstjóra Suðurhlíðar (næstelsta deildin) um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-2018 voru 22 börn á Suðurhlíð. Veturinn einkenndist af veikindum í starfsmannahópnum og var nokkur starfsmannavelta. Þó voru tveir fastir starfsmenn sem héldu deildinni að mestu uppi og einkenndist starfið af sköpun og lýðræði.

Mikil áhersla var á umhverfið sem þriðja kennara. Starfsfólkið var duglegt að breyta umhverfinu og prófa nýjar leiðir með fallegri framsetningu á efniviðnum, sem skapaði kveikjur í leik barnanna. Börnin voru einnig virkir þátttakendur í að koma með hugmyndir að efnivið inni á deild, bæði í samverustundum og í frjálsum leik. Allur efniviður var og er aðgengilegur og fá börnin tækifæri til þess að vinna með hann á fjölbreyttan hátt.

Sköpun hefur verið rauður þráður í okkar starfi. Þá fá börnin tækifæri til að takast á við fjölbreytt verkefni sem þau vinna á sínum forsendum og er áherslan fyrst og fremst á ferlið fremur en afurðina. Með því að hafa flæðandi dagsskipulag getum við skapað rými þar sem tíminn fær ekki alfarið að ráða ferðinni. Gott samstarf á milli kennara og sveigjanleiki hefur gert slíkt fyrirkomulag auðvelt í framkvæmd. Ef það er góður leikur og sköpun í gangi fær það að njóta sín. Eins ef búið er að byggja flott virki úr einingakubbum og leikurinn kominn á fullt þarf ekki að ganga frá fyrr en í lok dags.

Lýðræði er einnig rauður þráður í okkar starfi inni á deild. Gott dæmi er matarflæðið sem var tekið upp í vetur og hefur tekist mjög vel til. Þá er hlaðborð fyrir börnin þar sem þau skammta sér sjálf, smyrja, skera og hella í glös og velja sér sín eigin sæti. Börnin fá þarna tækifæri að sýna að þau geta gert hlutina sjálf og fá að upplifa sjálfstæði. Athöfnin er einnig mjög félagsleg og fá þau þann tíma sem þau þurfa til að borða og spjalla við félagana. Þessi stund hefur skapað rólegri matartíma og eins er mjög rólegt inni á deild á meðan.

Dagsskipulagið er endurmetið reglulega á deildarfundum til að mæta þörfum barnanna og höfum við t.d. tekið upp valsöngstundir tvisvar í viku þar sem hluti hópsins er ekki mikið fyrir slíkar stundir. Þá er í boði að vera í rólegum frjálsum leik á meðan söngstund er í gangi.

Reglur leikskólans voru samræmdar í haust á milli deilda. Þá voru reglurnar unnar í samvinnu með börnunum í samverustundum. Börnin sýndu að þau þekkja reglurnar vel og vita til hvers þær eru. Reglurnar eru vel sýnilegar inni á deild þar sem þau sjálf eru myndefnið.

Starfsmenn deildarinnar hafa lagt mikið upp úr að kennarar og börn sýni hvert öðru virðingu með að hlusta hvert á annað, að allir tali rólega og fallega sín á milli og eigi í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Einnig að börnin upplifi að þau séu örugg og fái þá umhyggju sem þau þurfa. Kennarar hafa unnið markvisst að því að opna lokaða vinahópa og að skapa aðstæður svo að ný vinasambönd geti blómstrað. Það hefur tekist vel til og geta allir leikið saman, bæði strákar og stelpur. Barnahópurinn er sérstaklega góður í hlutverkaleikjum og vinna þau vel saman.


Börnunum á Suðurhlíð finnst flæðið eitt það skemmtilegasta sem gerist á Sæborg, en það er alla föstudaga. Þá finnst þeim mjög gaman að kíkja í heimsókn á hinar deildarnar og eins sjá ævintýraheiminn sem hefur skipast á torginu. Flæðið hefur veitt starfsfólki deildarinnar innblástur til að nýta torgið enn betur og höfum við reynt að gera eitthvað skemmtilegt og skapandi þegar deildin á sinn dag á torginu. Stefnan fyrir næsta vetur er að tvær elstu deildarnar, Suðurhlíð og Brúarendi sameinist þá tvo daga í viku sem þær eiga torgið og hafi flæði milli þessara deilda. Einnig viljum við að

börnin verði virkir þátttakendur í að skapa flæðið og hafa bein áhrif á hvernig útfærslan verður. Þá munu kennarar taka umræður í samverstund sem mun ef til vill verða til þess að börnin setja upp flæði með hjálp kennara.

Þemavinnan, *Reykjavík – borgin okkar*, var unnin að vori og fóru börnin á Suðurhlíð í litlum hópum í ferðir um nær umhverfið til að skoða og rannsaka. Þau voru með kík og myndavélar og festu á filmu þar sem þeim þótti flott, skemmtilegt, spennandi, eftirtektarvert, skrítið eða merkilegt. Börnin unnu síðar teikningar út frá eigin ljósmyndum. Hugmyndin með teikningunni var að fá enn betri innsýn í það sem börnin sjá og þykir merkilegt og spennandi. Verkefnið tókst vel til og var gaman hversu áhugasöm börnin að nota ljósmyndun í sinni sköpun.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Sameiginlegt flæði	Tækifæri fyrir börnin af B og S að leika saman og læra hvert af öðru	2 sinnum í viku, þegar B og S eiga torgið	Fyrri hluti dags, frá 9:45-10:45. 2x í viku. September 2018 – maí 2019	Deildarstjórar Brúarenda og Suðurhlíðar	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Barnahópurinn metur flæðið með broskalla töflu.	Meira flæði á milli deilda. Betri tengsl barna á milli deilda.
Börnin meta starfið með beinum hætti	Að börnin hafi áhrif á starfið í leikskólanum og að þeirra rödd heyrir	Broskallatafla. Hver þáttur í starfi leikskólans metinn.	Byrja strax eftir sumarfrí – halda áfram út veturinn. Taka eitt fyrir í einu, flæði, útivera, samvera, matarflæði og svo framvegis	Deildarstjóri S→B	Halda skráningu yfir töflurnar → nota í umræður í samveru. Spyrgja börnin hvernig hægt sé að bæta stundirnar, ef þess þarf.	Halda utan um skráningar og mæta þörfum barnanna
Börnin setja sér einstaklingsmarkmið	Að börnin læri að setja sér markmið og meta	Skrá markmið með kennara	Markmið sett að hausti og endurmetið að vori	Starfsfólk deildar	Halda utan um skráð markmið. Barnið metur sjálft sitt markmið	Sterkari sjálfsmynd barna

Oddný Heimisdóttir,
deildarstjóri Suðurhlíðar



Þetta er prik. Mér fannst það flott. Þetta litla, litla prik. Það er minna en öll hin. Það getur ekki vaxið neitt, það er bara svona. Þessir eru stærri en þessir. Þessir eru lengri. Þetta er prikið sem brotnaði.

2.4 Greinagerð deildarstjóra Brúarenda (elsta deildin) um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-2018 voru 24 börn á deildinni. Fyrir flutning deilda í ágúst voru á 8 börn eftir á Brúarenda og einn kennari. Svo bættust við 16 börn og tveir kennarar frá Suðurhlíð. Til þess að hópurinn blandast vel var ákveðið að skipta honum ekki eftir aldri þó að aldursbilið hafi verið 1 ár. Unnið var að þeim markmiðum að efla félagsleg tengsl barnanna, þróa umburðarlyndi, fá börn og foreldra með í að meta líðan barnsins, að þróa námsumhverfi barnanna og að efla lýðræði.

Í byrjun ársins börnunum var skipt í leikhópa, bæði tilviljunarkennt og eftir áhuga þeirra. Þannig kynntust þau hvert öðru, leiksvæðum og leikefni vel og kom það í veg fyrir klíkuskap. Mikið var unnið með hópefli í haust og áhersla var á að skapa og þróa jákvætt félagslegt andrúmsloft. Kennarar unnu markvisst að því að opna lokaða vínahópa og skapa aðstæður svo að ný vinasambönd geti blómstrað. Í október fór fram myndrænt mat barna um líðan sína með broskallamyndum og hefur það haldið áfram svo til daglega. Á foreldrafundum voru samskipti barnanna sérstaklega metin og foreldrar telja gæði samskipta á milli barna hafa aukist mikið í samanburði við í fyrra.

Samvinna með Björgu sérkennslustjóra og Guðrúnu hegðunaráðgjafa hefur skilað góðum árangri í að styrkja kennara Brúarenda til að vinna vel með krefjandi hegðun hjá börnum en gott samstarf, áhugi og virkni kennarana og foreldranna hefur einnig skilað því besta til barnanna. Félagsfærni og leiksgleði, sjálfsvirðing og sjálfstraust hefur einkennt barnahópinn vetur. Einstaklingsnámskrár voru gerðar í október í samvinnu við foreldra en á deildarfundum hafa kennarar ígrundað og skráð niður leiðir til að ná fram þessum einstaklingsmarkmiðum í vinnu með stórum barnahópi. Jafnframt viljum við að börnin setji sér sjálf markmið næsta haust.

Sköpun, lýðræði, umhyggja, gleði, fjölbreytni og lausnamiðað viðhorf allra á Brúarenda einkenndu starfið í vetur. Í byrjun leikskólaársins svöruðu kennarar Brúarenda sjálfir spurningakönnun um það hvernig þeir sjá barnahópinn og gerðu mat á þroska og þörfum barnanna á deildinni. Út frá þessari vinnu og markmiðum hafa kennarar Brúarenda gert dagskipulag, skipulagt rými, námsumhverfi og vinnuaðferðir. Með tímanum hafa börnin tekið frekari þátt í þessari skipulagningu. Gott dæmi aukið lýðræði og þátttöku barna eru matartímar á torginu og föstudagsflæði. Á morgunfundum er þátttaka barna mikil og tækifærin fyrir lýðræði sem þessar stundir veita eru dýrmæt. Á þeim er rætt um daginn framundan, um hvað sem börnin hafa áhuga á eða skiptir þau máli. Þarna eru daglega möguleikar að börnin tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á það hvernig mun dagurinn þróast og hverju má að breyta í leikskólalífi þeirra.

Náms- og leikumhverfi á Brúarenda býður daglega upp á fjölbreytt tækifæri og mótast af áhuga barnanna og fjölbreyttum verkefnum sem kennarar hafa þróað ásamt börnunum. Val á leik- og námsefni er byggt á þeirri hugmynd að umhverfið sé þriðji kennarinn. Sérstök áhersla var á að gefa börnum nægilegan tíma og rými til að rannsaka, skap og leika sér án truflunar. Á Brúarenda er einnig mikil svigrúm til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum.

Í dagskipulagi er passað upp á jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna. Við innleiddum daglegar slökunarstundir fyrir hádegismat sem við teljum tengjast beint við velferð barna. Skipuleggja þarf betur rými fyrir slökun og búa til hugmyndaþanka fyrir starfsfólk varðandi slökun.

Mikill áhugi á ritmáli var allt skólaárið og voru börnin mjög virk í því að æfa sig að skrifa, nota ritmál í daglegum leikjum, leysa orðagátur og þrautir. Þau voru einnig mjög áhugasöm og virk í listakrök, stærðfræðileikjum, vísindaleikjum og leikræni tjáningu. Mikil virkni og hugmyndaflug var í kringum

málörvun og læsi og tókst sú vinna mjög vel. Kennarahópurinn mætti samt vinna markvissar með áhuga og þekkingu barnanna á þessum þáttum. Börnin vildu til dæmis mikið að stofna alvöru leikhús á Brúarenda og búa til sýningu fyrir foreldra sína.

Í vetur sýndu börnin mikinn áhuga á þemanu *Ég er ofurhetja* og *Hús fyrir smáu dýrin*. Hið fyrra var samvinnuverkefni með Myndlistaskólanum í Reykjavík á vegum Kulturprinsen. Hitt var námskeið fyrir börn hjá Miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ. Samvinna við þessa utanaðkomandi aðila var mikilvæg og getum við notað þá reynslu næsta haust. Þemaverkefni Sæborgar, *Reykjavík – borgin okkar*, heppnaðist vel þrátt fyrir breytingar í starfsmannahópi deildarinnar. Börnum var skipt í þrjá hóp á eftir því hvað þeim þótti merkilegast í borginni og reyndist það vera tré, dýr og skip.

Með verkefninu *Ég er ofurhetja* kviknuðu hugmyndir til að vinna næsta haust og þá með áherslu á eflingu jákvæðrar og sterkrar sjálfsmyndar barna. Jafnframt viljum við fá börn og foreldra með í að skrá um þessa vinnu. Til dæmis geta börnin unnið með ákveðið þema sem tengist sjálfstrausti og sjálfsvirðingu. Undanfarin ár hefur Sæborg unnið mikið með þessar þætti og nú langar okkur að sameina okkar vinnu í eitt verkefni. Við teljum að þetta mun þróa samvinnu allra þátttakanda í námsferlinu að styrkja jákvæða og öfluga sjálfsmynd barna auk þess að efla kennara í skráningum.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið
Sameiginlegt flæði Brúarenda og Suðurhlíðar	Tækifæri fyrir börnin af B. og S. að leika saman, læra hvert af öðru og styrkja barna-menningu leikskólans.	2 sinnum í viku, þegar B og S eiga torgið	Fyrri hluti dags, frá 9.45-10.45 2x í viku. September 2018 – maí 2019	Deildarstjórar B og S	Umræður á deildarfundum hjá starfsfólki. Barnahópurinn metur flæðið með broskalla-töflu. Gátlisti um notkun efniviðar og rýmis. Nafnlaus könnun gerð á meðal starfsfólks. Matskerfi barna.	Ánægja barna og kennara
Börnin meta starfið með beinum hætti	Að börnin hafi áhrif á starfið í leikskólanum – að þeirra rödd heyrist.	Broskallatafla . Hver þáttur í starfi leikskólans metinn.	Byrja strax eftir sumarfrí – halda áfram út veturinn. Taka eitt fyrir í einu, flæði, útiveru, samveru, matarflæði og annað sem börnin telja mikilvægt.	Deildarstjóri	Halda skráningu yfir töflurnar → nota í umræður í samveru. Rýnihópaviðtal með börnunum.	Ánægja barna
Börnin setja sér einstaklings-markmið	Að börnin hafi bein áhrif á sitt eigið nám.	Skrá markmið með kennara	Markmið sett að hausti og endurmetið að vori	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Halda utan um skráð markmið barnanna. Viðtal við barn	Ánægja barnsins
Börnin gera skráningar um sig og verkefni sín	Tækifæri fyrir foreldra að efla færni sína	Verkefnið <i>Ég er ofurhetja</i>	Að hausti	Starfsfólk deildar	Halda utan um skráningar barna Viðtal við barn	Framfarir barnsins í leik og námi Töluleg viðmið (númer skráninga)
Foreldrar gera markvissa skráningar um barnið sitt	Tækifæri fyrir foreldra að efla færni sína	Verkefnið <i>Ég er ofurhetja</i>	Að hausti	Deildarstjóri, foreldrar og starfsfólk deildar	Halda utan um skráningar frá foreldrunum Spurningakönnun	Framfarir barnsins í leik og námi Töluleg viðmið (númer skráninga)

Jelena Bjeletic,
deildarstjóri Brúarenda

2.5 Greinagerð listasmiðjustjóra um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017-2018 tók ég við sem aðstoðarskólastjóri Sæborgar til viðbótar við að vera listasmiðjustjóri. Veturinn var erfiður að mörgu leyti, mest vegna erfiðleika til að ráða starfsfólk og langtímaveikinda. Það var hins vegar margt sem gekk mjög vel og mörg skemmtileg verkefni áttu sér stað þennan vetur. Þau markmið sem ég setti mér fyrir listasmiðjuna voru að þróa áfram jólagjafagerð, tengja öskudagsbúningagerð við foreldraviku og að halda áfram með þemaverkefnið Reykjavík – borgin okkar.

Jólagjafagerð gekk mjög vel. Ég byrjaði að vinna með börnunum að jólagjöfinni um miðjan október. Við höfðum náð að safna alls konar efnivið og áttum góðan lager af alls konar litlum spýtum. Það gekk vel að vinna jólagjafirnar og náði ég að vinna með næstum öllum börnunum en Jelena á Brúarenda aðstoðaði fjögur börn. Gjafirnar voru stórkostlegar að vanda t.d. dúkkusturta, flugrisaeðla, regnbogagíraffi, sundlaug, gaddaskrímsli, hákarlabátur og plánetukirkja.

Í desember bjuggu börnin á Brúarenda til **jólatréð** okkar en það höfum gert það einu sinni fyrir mörgum árum. Jólatrésgerðin gekk mjög vel og ætlum við gera heimagerð jólatré næstu árin. Börn og foreldrar bjuggu svo til jólaskraut og jólastjörnu á tréð í skapandi jólastund fyrir hverja deild.

Búningagerð fyrir öskudag var með aðeins breyttu sniði. Í fyrra bjuggu börnin til búninga í fyrsta sinn í leikskólanum og mæltist það vel fyrir en áður höfðum við reynt að hvetja börn og foreldra til þess að búa til búninga heima með misjöfnum árangri. Í ár ákváðum við að tengja foreldraviku og búningagerðina og virkja þannig foreldra í þessu ferli. Útbúin var búningasmiðja sem náði úr listasmiðjunni og yfir allt torgið. Foreldrar skráðu sig á tíma fyrir búningasmiðjuna og voru aðstoðarfólk barnsins í búningagerðinni. Mitt hlutverk var að vera ráðgefandi, styðjandi og finna til efnivið þegar þurfti. Foreldrar örfárra barna gátu ekki komist í búningasmiðjuna þegar hún var opin en í staðinn völdu börnin þeirra efnivið úr búningasmiðjunni í poka til að taka heim ásamt málningu, penslum, skrauti og því sem barnið óskaði eftir. Foreldrar aðstoðuðu svo börnin við að útbúa búningana heima. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og verður það endurtekið næsta vetur. Gefin var út skýrsla um verkefnið sem heitir **Öskudagsbúningagerð í foreldraviku** og er hún sýnileg á heimasíðu leikskólans. Við vonum að búningasmiðjan eigi eftir að hafa þau áhrif að börn og foreldrar haldi áfram að búa saman til búninga löngu eftir Sæborg.

Við unnum áfram í samstarfi við Dalskóla í tengslum við þemaverkefnið **Reykjavík – borgin** okkar en leikskólinn Klambrar var ekki með í vetur. Verkefnið var aðeins of lengi af stað vegna veikinda og undirmönnunar en þegar loksins var hægt að fara í ferðir gekk vel. Það gekk reyndar sérstaklega erfiðlega fyrir Suðurhlíð að fara í ferðir vegna undirmönnunar en það var að lokum leist með því að fara með tvö til þrjú börn í einu um nágrenni Sæborgar og varð úr því skemmtilegt ljósmyndaverkefni. Börnin á Görðum könnuðu einnig nágrennið með sínum hætti en ég tók ljósmyndir af þeim við rannsóknir þeirra. Brúarendabörn unnu í þremur hópum og voru viðfangsefnin skipin í höfninni, tré í borginni og dýr í borginni. Lambhólsbörn unnu sjávardýraverkefni út frá áhuga sínum á fjörunni. Við höldum sýningu, ásamt Dalskóla, á Kjarvalsstöðum í tengslum við Barnamenningarhátíð og gekk það mjög vel. Á sýningunni voru sjávardýr, dýragarður, ljósmyndasýning, málverk af sjóræningjahvalaskoðunarskipi, tré með hrafni sem dáleiðir fólk og ljósmyndir frá upplifun Garðabarna á nágrenni Sæborgar.

Það sem einkenndi þennan vetur fyrir mig var að einhverju leyti togstreita á milli þess að vera listasmiðjustjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Ég var minna í listasmiðjunni en árið áður þegar ég sinni eingöngu því hlutverki. Ég sé núna að ég get ekki gert alveg jafnmiklar kröfur til mín í listasmiðjunni, eigi ég að hafa rými fyrir aðstoðaleikskólastjórastarfið. Nú þegar nýr leikskólastjóri tekur við í sumar hefst nýr og spennandi kafli.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Öskudagsbúningar	Að þróa áfram öskudagsbúningagerð í samstarfi með foreldrum og börnum og festa þetta verkefni í sessi	Búninga-smiðja á torginu	Mars 2019	Listasmiðjustjóri	Fer fram í mars 2019. Spurningakönnun til foreldra og starfsfólks	Frumlegir öskudagsbúningar og aukið sjálfstraust hjá börnum og foreldrum í búningagerð
Jólagjafagerð	Að þróa áfram jólagjafagerð	Efnisveita í listasmiðju	Október 2018 – desember 2019	Listasmiðjustjóri	Fer fram í mars 2019. Spurningakönnun til barna og foreldra	Aukið sjálfstæði barna í skapandi ferli
Þemavinna	Að hefja þemavinnu fyrir eða að hausti	Efla starfsfólk í að nota vettvangsferðir markviss sem kveikjur og undirbúning fyrir þemavinnu	Október 2018 – júní 2019	Listasmiðjustjóri	Fer fram í júní 2019. Spurningakönnun starfsfólks og skrifleg greinagerð frá deildarstjórum og listasmiðjustjóra	Dýpri þemavinna og lengra ferli

Anna Gréta Guðmundsdóttir,
aðstoðarleikskólastjóri og listasmiðjustjóri



3 Ytra mat

- Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar gerði könnun meðal starfsmanna. Undirbúningur og framkvæmd var í höndum starfshóps sem í voru fulltrúar frá öllum sviðum. Könnunin fór fram 29. janúar til 19. febrúar 2018 og var framkvæmd að mestu rafræn.
- Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta- og stjórnunarháttanna.
- Spurningum í könnuninni var skipt í átján þætti sem aftur var skipt í fjóra yfirþætti:
- Fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1-5 og er hærri einkunnin alltaf jákvæðari niðurstaða.
- Helstu niðurstöður - svarhlutfall Sæborgar var 84,6% (ca. 11 starfsmenn svöruðu en við vorum með marga nýliða sem ekki tóku þátt). Af 18 þáttum könnunarinnar voru 12 grænir og 6 gulir og 0 rauðir í Sæborg.

Jákvætt:

- *Meðalskor allra þátta er 4,15 en árið 2017 var það 3,88*
- *Hæfir og áhugasamir starfsmenn er 4,00 en var 3,78 árið 2017*
- *Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,22 en var 4,01 árið 2017*
- *Vinnuaðstaða er 3,95 og hefur örlítið lagast frá í fyrra*
- *Einelti mældist 20% (2 starfsmenn) árið 2017 en var 0% í ár (var unnið sérstaklega með það í vetur með kynningu og umræðu um vinnuverndarstefnu Sæborgar)*
- *Viðurkenning og hrós hefur aukist úr 3,00 í 4,45 frá árinu 2017 (var unnið sérstaklega með þann þátt)*
- *Móttaka nýliða er 4,27 en var 3,40 árið 2017 (var unnið sérstaklega með þann þátt)*
- *Ímynd leikskólans skorar 4,77 og metnaður er 4,48*
- *Traust til næsta yfirmans er 4,09 en meðaltal hjá Reykjavík er 3,55*
- *Upplýsingastreymi á leikskólanum er nokkuð gott eða 4,18 en meðaltal hjá Reykjavík er 3,91*

Neikvætt:

- *Starfsánægja hefur aðeins dregist saman eða um 0,05*
- *Starfsöryggi dróst saman um 0,07*
- *Áreitni frá samstarfsfólki 20% (2 starfsmenn) en var í fyrra 18,2%. Birtist það í líkamlegri, kynferðislegri áreiti 10% og í orðum 10%*
- *Áreitni frá þjónustuaðilum 10% eða 1 starfsmaður*
- *Hæfilegt vinnuálag er samkvæmt könnun 3,64, sem er frekar neikvætt.*
- *Ég hef hugsað um að hætta í vinnunni er 2,91 en meðaltal hjá Reykjavík er 2,82 (Vandi leikskólanna er sá að of margir starfsmenn eru ekki að hugsa sér þetta starf til framtíðar)*
- *Líðan starfsmanna í vinnunni skorar 3,64*

Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum ytra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*). Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Starfsánægja og vellíðan í vinnunni	Að auka starfsánægju	Fá hugmyndir hjá starfsmanna og reyna að fjölga þeim sem hugsa sér starfið til framtíðar Hópefli	Haust 2018 – vors 2019	Leikskóla-stjórnendur	Starfsmannakönnun í maí	Fleiri ánægðir starfsmenn og vellíðan í starfi
Áreitni	Að stöðva áreitni	Kynna vel vinnuverndar-stefnu leikskólans	Haust 2018 – vors 2019	Leikskólastjóri	Starfsmannakönnun SFS	Enginn starfsmaður verður fyrir áreitni
Hæfilegt vinnuálag	Að draga úr vinnuálagi	Halda áfram að bæta starfs-umhverfið t.d. með því að fækka börnum	Vetur 2018-2019	Leikskólastjóri	Starfsmannakönnun SFS	Hæfilegt vinnuálag fari upp fyrir 4,00 í könnun



Hjálpsemi

4 Greinagerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Eins og staðan er nú (í júní 2018) njóta átta börn sérkennslu í Sæborg en þrír starfsmenn sinna henni, Sérkennslustjórastaðan er 75% staða. Á tveimur deildum er fjárhagsaðstoð; 6 klukkutímar á einni deild (tvö börn) og 2 klukkutímar á annarri deild (eitt barn). Hvað margir tímar fást fyrir barn fer eftir menntun og launaflokki starfsmans.

Engin sérstök áætlun hefur enn verið gerð um málörvun í Sæborg en við vinnum eftir Læsisstefnu Sæborgar. Málörvun barna, sem þurfa meiri örvun, fer bæði fram á deildum og hjá sérkennslustjóra/stuðningsstarfsmanni inni í sérkennsluherberginu.

Öll börn á fjórða ári hafa undanfarna 18 mánuði farið í málþroskamatið EFI-2 og þeim börnum sem sýndu slaka færni var vísað áfram til talmeinafræðings. Þegar niðurstaða kemur úr mati talmeinafræðingsins fær barnið auka málörvun ef þarf. Ef grunur vaknar um frávik í þroska eru mæður beðnar að fylla út Íslenska þroskalistann eða Íslenska smábarnalistann. HLJÓM-2 er lagt fyrir elstu börnin og þau sem sýna slaka færni fá aukna þjálfun í leikskólanum auk þess sem foreldrar fá leiðbeiningar heim.

Öll börn í Sæborg fá sína eigin einstaklingsnámskrá sem foreldrar og deildarstjóri gera saman. Í einhverjum tilvikum sér sérkennslustjórinn um gerð hennar og yfirumsjón í samráði við foreldra og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð. Stundum er notast við AEPS. Í einstaklingsnámskrám barnanna koma bæði fram styrkleikar en einnig þættir sem þarf að efla og bæta. Fylgst er með þessum þáttum reglulega yfir veturinn en formlegt endurmat fer fram í maí/júní og koma foreldrar einnig að því. Þegar við á eru markmiðin metin formlega oftar yfir veturinn á teymisfundum. Teymisfundir eru haldnir á sex vikna fresti fyrir börn sem á því þurfa að halda. Foreldrar fá ráðgjöf á teymisfundum auk þess sem þeir leita til sérkennslustjóra/deildastjóra þegar þarf. Foreldrum er bent á þau námskeið sem geta nýst foreldrum, t.d. Klókir litlir krakkar, PMTO og námskeið um einhverfu. Við leggjum áherslu að virkja foreldra til að lesa fyrir börnin og styðja við þroska þeirra.

Sérkennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða kemur á alla teymisfundi. Hegðunarráðgjafar hafa einnig komið til að skoða deildir í heild þegar þurfa þykir. Sálfræðingar koma og gera þroskamat þegar við á. Jafnframt kemur talmeinafræðingur og tekur málþroskamat á börnum þegar óskað er eftir því. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins kemur ef börnum er vísað þangað. Í einhverjum tilvikum hafa börn verið í talþjálfun frá Tröppu sem fer fram í tölvu í leikskólanum.

Starfsfólk leitar til sérkennslustjóra um ýmis mál sem varðar þroska barna. Sérkennslustjóri setur upp skemu sem nýtast börnunum, t.d. myndrænt skipulag sem starfsfólk notar með börnunum.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
EFI-2	Að málþroska-prófið EFI-2 verði notað skimun á málþroska allra barna á aldrinum 3-4 ára í leikskólanum	Nýr sérkennslustjóri fer á námskeið í EFI-2 ef hann hefur ekki réttindi framtíðar Hópefli	September 2018 - maí 2019	Sérkennslustjóri	Prófið sjálft	Fyrr gripið inn í þegar barn hefur slakan málþroska
Námskrá Sæborgar	Bæta við kafla um sérkennslu í námskrá Sæborgar	Bæta við kafla um sérkennslu í námskrá Sæborgar	September 2018 – júní 2019	Sérkennslustjóri og aðstoðar-leikskólastjóri	Júní 2019 Óskum eftir álit frá SFS	Kafli um sérkennslu í námskrá telst fullnægjandi



Leikið með málningu í listasmiðjunni

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Í Sæborg eru fá börn með annað móðurmál en íslensku að hluta til vegna staðsetningar leikskólans. Við fáum fjármagn með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Það fjármagn hefur verið notað í launagreiðslu til starfsmanns sem sinnir málörvun fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Flest börnin eru í málörvun inni á deild nema þegar barn þarf meiri stuðning og tekur þá sérkennslustjóri að sér hluta af málörvuninni. Anna Gréta Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólustjóri, er nýr tengiliður fjölmennningar í Sæborg frá og með áramótum 2018.

Sem liður í fjölmennningarlegu samstarfi læra börnin lög á móðurmáli samnemenda sinna. Foreldrar eru hvattir til þess að koma með geisladiska með tónlist frá heimalandinu. Gætt er að því að leikefni (t.d. bækur, dúkkur, púsl, spil og efni í búningaleik) sýni fram á fjölmennningarlegt samfélag.

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

- Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks
Magdalena Elísabet Andrésdóttir, brúarsmiður frá Miðju máls og læsis, hefur komið nokkrum sinnum og frætt starfsmenn einnar deildar um hvernig hægt er að vinna með pólska stúlku sem er á deildinni. Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnisstjóri fjölmennningar hjá SFS, hefur komið, skoðað hvernig unnið er með börn af erlendum uppruna og gefið starfsfólki ráð hvaða fleiri leiðir gætu nýst fyrir tvítyngdu börnin í Sæborg. Til stóð að unnið yrði í vetur með stefnu Skóla- og frístundasviðs, *Heimurinn er hér*, sem fjallar um fjölmennningarlegt skólastarf. Hins vegar var veturinn þungur, erfiðlega gekk að fullráða í leikskólann, mikið var um langtímaveikindi starfsfólks og því varð ekki úr þeirri vinnu þetta árið. Úr því verður bætt skólaárið 2018-2019.
- Fjölbreytt heimamenning og tungumál
Börnin læra sönglög frá öðrum löndum og er það oft tvítyngda barnið sem kennir hinum lagið á sínu tungumáli. Við gætum að því að eiga dúkkur, púsl og bækur sem tengjast útliti og menningu barnsins. Við spilum tónlist frá heimalöndum barnanna og eigum t.d. hljóðfæri frá Afríku.
- Samskipti og virk þátttaka í fjölbreyttum barnahóp
Við komum til móts við erlendar fjölskyldur eins og hægt er. Hingað til hafa allar erlendar fjölskyldur í Sæborg talað ensku, að einhverju eða miklu leyti, sem hefur auðveldað öll samskipti. Tölvupóstar eru sendir á ensku til þeirra foreldra sem tala enga íslensku. Skráningar í námsbækur barna af erlendum uppruna eru á ensku fyrir þá foreldra sem ekki tala íslensku en frásagnir barnanna eru bæði á íslensku og ensku. Við leggjum enn meiri áherslu á aðlögun barnsins til að kynnast fjölskyldu barnsins og menningu.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi?

- Markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforði)
Allar athafnir barnsins í leikskólanum eru notaðar til að vinna með orðaforða barnsins. Í fyrstu er lögð áhersla á grunnorðaforðann, þ.e. einföld orð sem aðstoða barnið við að tjá sig um það sem það er að gera eða vill. Þegar á líður bætast við orð sem smámsaman verða blæbrigðaríkari. Skráningar sem unnar eru af kennurum, t.d. í listasmiðju eða í leik, gefa okkur tækifæri til að meta málproska barnanna.

- Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum
Við notum sem dæmi bækur sem eru lesnar oftast en einu sinni fyrir barnið. Í fyrstu er frásögnin úr bókinni einfaldari en eftir því sem barnið þekkir söguna betur er hægt að nota flóknari orð. Í daglegum samskiptum notum við mikið bergmál með viðbót, t.d. segir barnið „bíll“ og kennarar svara „já, þetta er blár bíll“ eða „bíllinn keyrir í burtu“. Þannig tengjum við fleiri orð við þau hugtök sem börnin þekkja.
- Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna
Símat fer fram daglega og að höfum við notað skráningar að miklu leyti til að meta framfarir. Við stefnum á að nýta betur skriflega matslista á málþroska erlendra barna næsta vetur.
- Er hugað að öllum þáttum máls
 - *Orðaforði og málskilningur* - Sérkennslustjóri sér um að efla orðaforða og málskilning barna af erlendum uppruna með spilum og bókum. Að auki er unnið með þessa þætti inni á deildinni, bæði í samverustunum og í daglegum athöfnum.
 - *Tjáning og frásögn* - Foreldrar eru hvattir til að koma með skráningar að heiman eða myndir sem barnið notar sem kveikju til að segja kennara frá. Jafnframt aðstoða kennarar börnin við að segja hinum börnunum frá.
 - *Hlustun og hljóðkerfisvitund* - Gætt er að því að lesa á hverjum degi fyrir tvítyngd börn bækur sem henta þeim og skilningi þeirra. Hljóðkerfisvitund er þjálfuð í öllum barnahópnum t.d. með því að klappa atkvæði og ríma.
 - *Ritmál* - Á eldri deildum hefur ólíkt letur verið sýnilegt frá löndum sem hafa aðra stafi en við. Oft hefur þessar mismunandi leturgerðir vakið áhuga barnanna og verið hvetjandi til að skrifa.
 - *Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun* - Leitað er eftir styrkleikum og áhuga barna af erlendum uppruna til að nýta sem leiðir í að efla málþroska.

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

- Móttaka og aðlögun
Metið er hvort þörf sé túlki fyrir fyrsta viðtal. Enn sem komið er hafa allir erlendir foreldrar haft gott vald á ensku þannig að það hefur ekki reynt á önnur tungumál. Foreldrar fá upplýsingar um aðlögun og praktísk atriði á ensku. Nú er verið að þýða Foreldrahandbókina á ensku og verður þeirri vinnu lokið í haust. Í þátttökuaðlögun höfum við lagt mikla áherslu á það að kynnst barninu og foreldrum þess. Þessa daga reynum við að afla okkur sem mestra upplýsinga um líf og menningu barnsins sem hjálpa okkur til að koma til móts við þarfir fjölskyldunnar. Lengd aðlögunar er sveigjanleg þar sem upphaf leikskólagöngunnar getur reynst börnum erfið sem ekki skilja íslensku.
- Upplýsingagjöf
Upplýsingagjöf fer að einhverju leyti fram daglega þegar barnið kemur í leikskólann en einnig fá foreldrar tölvupósta á ensku þegar við á. Í einhverjum tilvikum er notuð samskiptabók en einnig höfum við notað instagram-síður deildanna til að sýna foreldrum hvernig barninu líður í leikskólanum og hvað það er að fást við.
- Samræður um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku
Í foreldrasamtölum ræðum við um málþroska og almennan þroska barnsins. Við leitum upplýsinga um stöðu málþroska barnsins í móðurmálinu. Við gefum foreldrum ráð hvernig

gott er að efla málproska barnsins í móðurmálinu auk þess sem við segjum hvernig við vinnum með íslenskuna í leikskólanum.

Umbótaþættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Endurmat	Árangur
Málörvun tvítyngdra barna	Að málörvun tvítyngdra barna verði markvissari, bæði inni á deild og í sérkennslu	Fá fræðslu fyrir allt starfsfólk um málörvun og símat á málproska barna af erlendum uppruna á starfsdegi	September 2018 - maí 2019	Sérkennslu-stjóri, leikskólastjóri og deildarstjórar	Spurningalisti til starfsmanna í maí 2019	Að til verði áætlun um málörvun og mat á málproska barna af erlendum uppruna
Mismunandi fjölskyldur	Að gera mismunandi menningarhei ma barnanna sýnilegri í leikskólanum	Fá fræðslu fyrir allt starfsfólk um hvernig hægt er að gera ólíka menningu sýnilega. Heimsækja leikskóla sem standa framarlega í vinnu með fjölmenningu	Hefst september 2018 – endurmetið í júní 2020	Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri	Umræður á starfsdegi vorið 2019	Aukinn sýnileiki fjölbreyttra menningar allra barna í leikskólanum.
Fjölmennings-stefna	Að búa til fjölmennings - stefnu Sæborgar	Út frá þeim námskeiðum og fræðslu sem starfsfólk fær um fjölmenningu verður fjölmennings- stefna Sæborgar gerð	Hefst september 2018 – endurmetið í júní 2019	Leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjóri	Stefnan tilbúin ekki seinna en maí 2019	Markvissar unnið með fjölmenningu í leikskólanum.



Málverk af dýrum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- **Starfsþróunarsamtöl**

Til starfsþróunarsamtala var boðað skriflega með viku fyrirvara. Starfsmenn fengu í hendur leiðbeiningar og eyðublað til að fylla út. Í flestum tilfellum var það leikskólastjóri sem fyllti út eyðublaðið eftir samtalið og starfsmaður og leikskólastjóri skrifuð síðan báðir undir. Starfsmenn voru hvattir til að skila inn markmiðum fyrir komandi starfsár en það hafa aðeins þrír starfsmenn gert. Leikskólastjóri sá um öll starfsmannasamtölin fyrir utan eitt sem aðstoðarleikskólastjóri tók. Samtölin fóru fram í fundarherbergi leikskólans. Nokkrir nýliðar fengu óformlegt viðtal. Starfsmenn skiluðu síðan skriflega til leikskólastjóra þeim námskeiðum sem þeir hafa sótt yfir starfstímabilið ásamt öðru sem gildir fyrir starfsþróun t.d. lestur bóka, ráðstefnur og málþing.

Tímasetning viðtala var frá 12. febrúar til 1. mars 2018.

- **Símenntun frá síðasta ári**

- *Skráningar og gildi þeirra* - fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi. Allir starfsmenn tóku þátt í þessu námskeiði.
- *Umhverfið sem áskorun* - fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi. Allir starfsmenn tóku þátt í þessu námskeiði.
- *Skyndihjálparnámskeið* - námskeiðshaldari var Rauðikrossinn. Allir starfsmenn tóku þátt í námskeiðinu og fengu skírteini.
- *Menntastefna Reykjavíkurborgar* - fundur. Allir starfsmenn tóku þátt.
- *Skráningar og mat* - fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir. Allir starfsmenn tóku þátt í þessu námskeiði.
- *Vinnustellingar* - námskeiðshaldari var Vinnuvernd (Gunnlaugur). Allir starfsmenn tóku þátt.
- *Skapandi starf með 1-3 ára börnum* – fyrirlesarar voru Guðrún Alda Harðardóttir, doktor í leikskólakennarafræðum, og Sigríður Síta Pétursdóttir, master í leikskólakennarafræðum. Heill dagur og allir starfsmenn sátu fyrirlestrana.
- *Málörvun í daglegu starfi* - námskeið frá Miðju máls og læsis. Allir starfsmenn sátu fyrirlesturinn.
- *Við fáum að ráða nema þegar kennararnir fá að ráða* - ráðstefna á vegum SFS í tilefna af Degi leikskólans. Sex starfsmenn sóttu ráðstefnuna.
- *Námskeið í Qlik Sens* - námskeiðshaldari; SFS. Aðstoðarleikskólastjóri sótti námskeiðið.
- *Markviss og uppbyggileg endurgjöf* – námskeið á SFS. Aðstoðarleikskólastjóri sótti námskeiðið.
- *Sap – launakerfið* – námskeið á SFS. Aðstoðarleikskólastjóri sótti námskeiðið.
- *Lífrikið í nærumhverfinu* - námskeið í Gufunesbæ á SFS. Einn deildarstjóri sótti námskeiðið.
- *Starchild yoga (barnajóga)* - námskeið í London. Einn deildarstjóri sótti námskeið.
- *Menntunarfræði leikskólakennaranám framhald* - Háskóli Íslands. Einn starfsmaður sótti námið.
- *Eflingarnámskeið 1 og 2* – námskeiðshaldari er Mímir. Tveir starfsmenn sóttu námskeiðin.

- *Fjölmennning* - fyrirlestur og umræður á SFS, Fríða Bjarney stýrði.
Aðstoðarleikskólastjóri sótti fyrirlesturinn.
- **Áætlun um símenntun í leikskólanum**
 - Náms í leikskólakennarafræðum til Masters og framhaldsnám í sérkennslu.
 - Leikræn tjáning og læsi.
 - Námskeið í skráningavinnu.
 - Eflingarnámskeið I og II.
 - Fyrirlestur fyrir alla starfsmenn um fjölmenningu og málþroska tvítyngdra barna.
 - Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).
 - Námsferð til Ítalíu /Reggio Emilia



7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð**

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Ráðið fundar eftir þörfum. Kosning í foreldraráð fer fram á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er að hausti ár hvert.

Í vetur sátu þrír fulltrúar foreldra í ráðinu ásamt leikskólastjóra. Fundir voru þrír auk fundar með skrifstofustjóra fagdeildar skóla- og frístundasviðs vegna ráðningar leikskólastjóra. Fundir eru skráðir og settir inn á heimasíðu leikskólans.

- **Foreldrafundir**

Í júní er alltaf haldinn foreldrafundur fyrir foreldra barna sem eru að byrja í Sæborg að vori eða hausti. Þar kynnum við leikskólann, hugmyndafræði okkar og námsumhverfi. Þessi fundur er frá 9.30-10.30 á virkum degi. Í október höldum við kynningarfund á vetrarstarfinu fyrir hverja deild. Ein deild kynnir á dag. Þessir fundir er jafnan vel sóttir og eru þeir um klukkustund að morgni. Tvær deildir höfðu gamla fyrirkomulagið, þ.e. frá 9.30-10.30 en ein deild prófaði tímann frá 9-10. Báðar tímasetningar gáfust vel.

- **Foreldrasamtöl**

Foreldrasamtöl eru tvö á ári. Eitt samtal er að hausti (okt.) og annað í byrjun sumars (maí eða júní). Í foreldrasamtali að hausti fá foreldrar svokallað foreldrablað þar sem þeir skrá niður hvað þeim þykir mikilvægt að unnið sé með barninu yfir veturinn. Leikskólakennari og foreldrar semja svo saman einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn þar sem styrkleikar barnsins, persónueinkenni og áhugasvið koma fram auk þess sem samin eru markmið um það sem þarf að vinna að. Í samtali að vori er einstaklingsnámskráin metin af foreldrum og leikskólakennara. Með þessu móti hefur okkur tekist að gera foreldra virka í því að hafa áhrif á nám barnsins í leikskólanum og heima.

- **Foreldrafélag**

Í Sæborg eru allir foreldrar leikskólans meðlimir í foreldrafélaginu. Stjórn foreldrafélagsins er kosin ár hvert á aðalfundi sem haldinn er að hausti. Í stjórn er einn fulltrúi foreldra frá hverri deild leikskólans og einn starfsmaður frá leikskólanum. Í samráði við leikskólann hefur foreldrafélagið yfirumsjón með vissum uppákomum í leikskólanum og er sumarhátíð leikskólans þeirra stærsta verkefni. Einnig sér foreldrafélagið um að kaupa sælgæti fyrir öskudaginn og litlar gjafir frá jólasveininum. Foreldrafélagið hefur séð um að kaupa eina til tvær leiksýningar fyrir leikskólann á ári. Foreldrafélagið hefur jafnframt skipulagt sveitaferð á hverju sumri utan leikskólatíma. Ákveðin upphæð er greidd af foreldrum leikskólans til foreldrafélagsins ár hvert. Er upphæð gjaldsins ákveðin á aðalfundi félagsins.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

• Áætlun vetrarins

Samstarf leikskóla í hverfinu og Melaskóla er enn á fyrsta reit varðandi samstarfsáætlun um vinnu með mál og læsi á mörkum skólastiga. Farið var af stað með fundi veturinn 2016-2017 til að koma þessu verkefni af stað. Breytingar hafa orðið varðandi starfsfólk og stjórnendur sem tóku þátt í þessum fundum og uppbyggingu, þannig að ekkert varð af fundum veturinn 2017-2018.

Á fundi í Melaskóla í maí 2018, þar sem fulltrúar frá Hagaborg, Vesturborg, Sæborg, Mánagarði og Sælukoti ásamt Melaskóla komu saman aftur var ákveðið að helstu verkefni þessa hóps væru tvíþætt. Í fyrsta lagi að útbúa samstarfsáætlun um vinnu með mál og læsi barna á mörkum skólastiga og í öðru lagi að ákveða hvernig skil á milli skólastiga fara fram, til dæmis hvaða gögn fara á milli og hvaða fundir eigi sér stað sem og heimsóknir.

Skilafundir leik- og grunnskóla

- Kennarar/starfsfólk hafa áhyggjur af því að það sé of tímafrekt að hafa fundi með hverju barni, foreldri, leikskólakennara og grunnskólakennara. Það væri erfitt í framkvæmd en mögulegt að skoða (hugmyndir frá Klettaborg).
- Hugmynd að hafa fund í lok ágúst/byrjun september þegar grunnskólakennarar hafa kynnst börnunum. Á þeim fundi kæmu saman deildarstjórar barnanna úr leikskólanum og bekkjarkennari barnsins.
- Rætt var um að útbúa skjal sem færi frá leikskólanum og þá væri lögð sérstök áhersla á styrkleika barnsins og áhugasvið, auk hagnýtra atriða og Hljóm-2 prófið. Foreldrar skrifa svo undir skjalið. Þar yrði horft til sjálfstrausts, frumkvæðis, vinnu, úthalds/einbeitingar, sjálfstæðis, félagsþroska, sérstakra hæfileika, áhugamála, matarvenja (ef við á) og fleira.
- Ákveðið var að búa til skjal fyrir börnin þar sem þau tjá sínar væntingar til grunnskólagöngunnar, það sem þeim þykir mikilvægt að kennarar viti um þau og hvað þau vilja læra.
- Einnig var rætt um í þessu samhengi að börnin kæmu með ferilmöppur/persónumöppur/námsbækur eða eitt til tvö verk úr leikskólanum á fyrsta fund með kennara í ágúst.
- Þetta allt þar að skoða með tilliti til nýju persónuverndarlaganna.

Heimsóknir á milli

- Ekkert var rætt um fyrirkomulag heimsókna frá leikskóla til grunnskóla en flestir leikskólarnir eru sáttnir við fyrirkomulag heimsóknanna eins og þær eru í dag.
- Til stendur að setja á heimsóknir grunnskólabarnanna í 1. bekk til leikskóla í lok skólaársins. Ekki gafst tími til þess á þessu skólaári en stefnt verður að því að hafa slíkar heimsóknir í lok maí/byrjun júní á næsta ári.
- Ekki náðist að ræða um sameiginlega skipulags- og námskeiðsdaga skólanna næsta vetur.

9 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex og eru þrír tengdir skipulagsdögum í Melaskóla eða vetrarfríi.

Dagarnir eru:

miðvikudagurinn 22. ágúst 2018,

föstudagurinn 19. október 2018 (Melaskóli)

föstudagurinn 30. nóvember 2018,

fimmtudagurinn 3. janúar 2019, (Melaskóli)

mánudagurinn 25. febrúar 2019 (Melaskóli) og

föstudagurinn 26. apríl 2019.



10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

Mat á markmiðum í námskrá

Matartími – Mat barna og kennara

Eftir umræður á deildarstjórafundum í tengslum við ytra mat Menntamálastofnunar um sjálfstæði barna í matartímum setti matsnefnd fram viðmið um hvernig við viljum að sjálfstæði barna í matmálstímum birtist. Sumum þessara viðmiða var að mestu leyti náð á einhverjum deildum en öðrum ekki á sumum eða öllum deildum. Þessi viðmið voru kynnt á deildarstjórafundum og fóru svo deildarstjórar með viðmiðin á deildarfund þar sem þau voru rædd. Um mánuði síðar fóru deildarstjórar með spurningalista inn á deildarfund þar sem starfsfólk. Rýnihópur barna sagði þeirra skoðun og upplifun á matartímanum.

Viðmið

Það sem viljum að börnin geri:

- Skammti sér sjálf.
- Fáir hníf til að skera.
- Smyrji brauðið sitt sjálf (þurfa ekkert endilega að ná sér sjálf í smjör)
- Helli í glas (hafa minna vatn í könnunum svo að þau valdi þeim).
- Gangi frá disk, hnífapörum, glasi og smekki.
- Rétti öðrum börnum það sem þau vantar.

Við viljum ná því fram að matartíminn sé rólegur. Starfsfólk þarf ekkert endilega að vera á hverju borði. Nauðsynlegt er að einn starfsmaður sé til staðar við frágangsvagninn til að aðstoða börnin. Starfsfólk á ekki að tala mikið saman á meðan börnin borða (reynslan er að það er mesti hávaðinn í fullorðna fólkinu) og reyna að stuðla að því að samræðurnar séu á milli barnanna en ekkert endilega með milligöngu kennara.

Mat barna á matartímum

Átta börn af tveimur elstu deildunum voru valin af handahófi og svöruðu fjórum spurningum um hvernig þau upplifðu matartímana. Spurningarnar voru:

1. Hvernig finnst þér matartíminn?
2. Er eitthvað sem þér finnst erfitt í matartímanum?
3. Getur þú gert allt sjálf/ur í matartímanum?
4. Er eitthvað sem þú vilt hafa öðruvísi í matartímanum?

Þegar börnin voru spurð hvernig þeim fyndist matartíminn svöruðu 6 börn „**Góður**“ eitt barn sagði „**Ágætur**“ og eitt barn sagði „**Mér finnst maturinn vondur, mig langar að skipta um mat.**“

Þegar börnin voru spurð hvort þeim þætti eitthvað erfitt í matartímanum sögðu fjögur börn „**Nei**.“ Eitt barn sagði „**Þegar hnífapörin detta.**“ Eitt barn sagði „**Að borða mjög mikið.**“ Að lokum sagði eitt barn „**Mér finnst erfitt að bíða eftir kennaranum.**“

Þegar börnin voru spurð að því hvort þau gætu gert allt sjálf í matartímum svöruðu sex börn „**Já**.“ Eitt barn sagði „**Ég get stundum gert það en stundum gleymi ég að ég get gert það.**“ Eitt barn sagði „**Stundum ef maturinn er langt frá þá bið ég einhvern að rétta mér.**“

Þegar börnin voru spurð hvort þau vildu hafa eitthvað öðruvísi í matartímunum svöruðu þrjú að þau vildu „**Hafa þá eins.**“ Eitt barn sagði „**Ég myndi hafa eftirrött.**“ Eitt barn sagði „**Pylsur.**“ Eitt barn sagði „**Kjötbollur**“ og annað barn sagði „**Stundum skipta um borð.**“ Eitt barn sagði „**Ég vil ekki að það sé kennari og ég vil sitja hjá vinum mínum.**“

Svör úr spurningalistum kennara

Skammta börnin sér sjálf?

Ef ekki, af hverju?

Garðar – Oftast en það fer eftir mat.

Lambhóll – Oftar en ekki skammta þau sér sjálf. Það fer eftir því hvað er í matinn, fjölda starfsmanna og hvort það er tími til þess.

Suðurhlíð – Oftast en matartíminn er ekki það langur. Þau geta þetta ekki með allan mat. Áhöld eru of stór.

Brúarendi – Já, en ekki ef það á að skipta á milli, t.d. takmörkuðum fjölda melóna eða brauðsneiða á barn, þá gefur kennari fyriræli.

Fá börnin hníf í hádegismat og síðdegishressingu?

Ef já, eru þau hvött til þess að skera og smyrja sjálf?

Ef nei, af hverju ekki?

Garðar – Þau skera matinn.

Lambhóll – Þau fá hníf í hádegismatnum. Þau ráða sjálf hvort þau smyrji í síðdegishressingunni eða ekki. Það fer oft eftir því hversu hart smjörið er.

Suðurhlíð – Oftast en matartíminn er ekki það langur. Þau geta þetta ekki með allan mat. Áhöld eru of stór.

Brúarendi – Já, þau fá hnífa o gjá, þau skera og smyrja sjálf.

Hella börnin sjálf í glösin sín?

Ef ekki, af hverju?

Garðar – Nei, þau ráða ekki við stórar könnur.

Lambhóll – Yfirleitt, en það gleymist stundum að ná í litlu könnurnar og þá er erfiðara ef könnurnar eru stórar. Sum vilja ekki hella en eru hvött til þess.

Suðurhlíð – Stundum en ekki ef mjólkurferna er of þung eða það eru stórar vatnskönnur.

Brúarendi – Já en ekki ef fernur á borði eru fullar.

Ganga börnin sjálf frá disk, hnífapörum og glasi þegar þau eru búin að borða?

Ef ekki, af hverju?

Garðar – Já.

Lambhóll – Já

Suðurhlíð – Já, alltaf.

Brúarendi – Já, alltaf.

Eru börnin hvött til þess að rétta öðrum börnin matarílát í matartíma?

Ef ekki, af hverju?

Garðar – Stundum.

Lambhóll – Já, en fer eftir stærð mataríláts og fjarlægðar.

Suðurhlíð – Já, við hvetjum börnin alltaf. Það gengur vel við ferkantaða borðið en ekki nægilega vel við bananaborðið.

Brúarendi – Já.

Spjallar starfsfólk mikið sín á milli í matartímum?

Garðar – Nei.

Lambhóll – Hefur minnkað eftir að borðaskiptingu var breytt, kemur þó fyrir.

Suðurhlíð – Nei.

Brúarendi – Nei.

Ná börnin góðu spjalli hvert við annað í matartímum?

Garðar – Já, miðað við aldur.

Lambhóll – Já, þau tala mikið saman.

Suðurhlíð – Já, það gerist en við erum ekki alveg nógu ánægð með gæði spjallsins.

Brúarendi – Já.

Leiðir til umbóta

- Fá minni vatnskönnur sem henta yngri börnum og taka þær stærri úr umferð.
- Endurskoða áhöld til að skammta sér með, nota t.d. frekar matskeiðar heldur en fiskspaða og stórar skömmunarskeiðar.
- Láta vita ef það er ákveðið magn af tilteknum mat á barn.
- Passa að minna börn eldri deildanna á að hafa ekki hávaða þegar þau ganga í gegnum matsalinn/torgið á leið inn úr útiveru.
- Hafa sápuvatn í öðrum dalli frágangsvagnsins svo að börnin viti í hvorn dallinn hnífapörin fara.
- Hella mjólk á milli mjólkurferna svo að þær séu ekki of fullar fyrir börnin.
- Passa að taka smjörið úr ísskápnum tímalega svo að það sé ekki of hart fyrir síðdegishressinguna.
- Gefa okkur betri tíma í matartímanum þannig að börnin hafi betri tækifæri til að skammta sér sjálf.
- Börnin fá oftast að sitja ein við borð. Mögulega væri hentugt að skipta út „bananaborðunum“ tveimur út fyrir lægri borð.
- Fram kom sú hugmynd að skapa meira flæði í hádegismatnum. Það væri gert með því að bjóða eldri börnum að koma fram að borða þegar nokkur af þeim yngri væru búin og farin inn á sína deild. Með þeim eldri fylgdi kennari sem væri til staðar fyrir þau. Þríf yrðu jafnóðum og yngri börnin færu og bætt væri í matarílátin eða komið með ný þegar fjölgaði í eldri hópnum.

Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar

Október 2017

Eftir ytra mat Menntamálastofnunar á starfsháttum Sæborgar bentu athugendur á að við yrðum að gera sýnilegt hvernig við metum þau markmið sem við setjum fram í námskrá Sæborgar. Við höfum því hafið þá vinnu.

Aðferð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri völdu þrjú markmið úr námskránni og afhentu deildarstjórum. Deildarstjórar höfðu fjórar vikur til að skila spurningalistunum en þeim var svarað á deildarfundum. Þrjár deildir tóku þátt í að meta markmið fyrir áramót (ein deild lokuð).

Brúarendi er með ca. 4 ½ - 5 ½ árs gömul börn

Suðurhlíð er með ca. 3 ½ - 4 ½ árs gömul börn

Lambhóll er með ca. 2 - 3 ½ árs gömul börn

1. *Að efla og styrkja færni barna í daglegum athöfnum*

Spurt var um sjálfstæði og færni í fataklefa og matartíma.

Svarmöguleikar voru:

- Geta/gera ekki
- Geta ef þau fá aðstoð
- Geta að mestu leyti sjálf

Niðurstöður úr svarlistum:

Fataklefinn

Brúarendi: Börnin **geta að mestu leyti sjálf** bjargað sér í fataklefanum.

Suðurhlíð: Börnin **geta að mestu leyti sjálf** bjargað sér í fataklefanum.

Lambhóll: Börnin **geta klætt sig með aðstoð** í fataklefanum.

Spurt var að auki hvað væri hægt að gera til að efla þessa færni enn frekar og svöruðu starfsmenn:

- Að virkja þau heima fyrir (Suðurhlíð og Lambhóll)
- Að gefa þeim nægan tíma í fataklefanum (Suðurhlíð)
- Að hafa föt inni á deild sem þau geta æft sig að klæða sig í (Suðurhlíð)
- Að hvetja þau áfram og hrósa (Brúarendi)

Matartími

Brúarendi: Börnin **geta að mestu leyti sjálf** bjargað sér í matartíma að skammta sér sjálf, hella í glas, skera matinn og ganga frá þegar þau eru búin að borða.

Suðurhlíð: Börnin **geta að mestu leyti sjálf** bjargað sér í matartíma að skammta sér sjálf, hella í glas, skera matinn og ganga frá þegar þau eru búin að borða.

Lambhóll: Börnin **geta ýmist með aðstoð eða að mestu leyti sjálf**.

Athugasemdir voru:

„Sum kunna ekki að smyrja og skera, annars geta allir skammað sér sjálf, hella í glas og ganga frá“ (Suðurhlíð).

„Hér og þar eru einstaklingar óöruggir með hníf“ (Brúarendi)

Spurt var að auki **hvað væri hægt að gera** til efla þessa færni enn frekar og svöruðu starfsmenn:

- Halda áfram að hvetja þau. (Brúarendi)
- Virkja þau heima. Spurning hvort hnífarnir séu nógu góðir. Smjörhnífar væri væru eflaust bestir. Hafa mjúkt smjör. Of margir mjóir hnífar upp á gripið. Einnig erfitt að skera. (Suðurhlíð)

2. **Að börnin upplifi lýðræði og jafnrétti í leikskólanum.**

Spurt var um tillitsemi, virðingu fyrir skoðunum annarra og hvort öll börnin fái tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Svarmöguleikar voru:

- Alltaf
- Oftast
- Sjaldan
- Aldrei

Jafnframt var spurt um í hvaða athöfnum þetta eigi aðallega við og leiðir til umbóta.

Niðurstöður úr svarlistum:

Er tekið tillit til allra barna á deildinni?

Brúarendi: **Oftast** er tekið tillit til allra á deildinni.

Þetta á sér aðallega stað á morgunfundum með börnunum.

Suðurhlíð: **Alltaf/Oftast** er tekið tillit til allra barna á deildinni. Það á sér aðallega stað í leik, hádegis- og kaffiflæði og í söngstundum.

Lambhóll: **Oftast**.

Spurt var að auki **hvað hægt væri að gera** til efla tillitssemi enn frekar og svöruðu starfsmenn:

„Að hafa val um samveru og söngstundir“ (Suðurhlíð)

Niðurstöður úr svarlistum:

Læra börnin að virða skoðanir annarra?

Brúarendi: **Oftast** hafa börnin tækifæri til að virða skoðanir annarra.

Þetta á sér aðallega stað á morgunfundum með börnunum.

Suðurhlíð: **Oftast** hafa börnin tækifæri til að virða skoðanir annarra..

Þetta á sér stað í samskiptum barnanna og í samverustundum.

Lambhóll: **Oftast** læra börnin að virða skoðanir annarra.

Spurt var að auki **hvað væri hægt að gera** til efla börnin í því að virða skoðanir annarra en engar athugasemdir komu.

Niðurstöður úr svarlistum:**Fá öll börn tækifæri til að tjá sig og segja frá?**

Brúarendi: **Oftast** fá öll börnin tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Þetta á sér stað í öllum athöfnum í leik og starfi.

Suðurhlíð: **Alltaf/Oftast** fá öll börnin tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Þetta á sér aðallega stað í samverustundum, í leik og í öllum aðstæðum.<

Lambhóll: **Oftast** fá öll börnin tækifæri til að tjá sig og segja frá.

Spurt var að auki **hvað væri hægt að gera** til ýta undir skilning barna á að allir fái orðið og tækifæri til að segja frá og svöruðu starfsmenn:

„Að nota klípusögur og umræður í samverustundum.

3. ***Að tónlist, myndlist, dans og leikræn tjáning verði virkur hluti af starfi barnanna..***

Spurt var um hversu oft söngur, hljóðfæri, dans, málning, leir, lím og leikræn tjáning ætti sér stað.

Svarmöguleikar voru:

- Daglega
- Nokkrum sinnum í viku
- Einu sinni í viku
- Mánaðarlega

Áður en við fórum yfir svarlistana unnum við viðmið á starfsmannafundi um hversu oft hver athöfn eða efniviður ætti að eiga sér stað.

Viðmið það sem okkur finnst eiga að vera.:

Söngur – daglega

Hljóðfæri – einu sinni í viku eða á tveggja vikna fresti

Dans – helst daglega, minnst einu sinni í viku

Málning – daglega eða nokkrum sinnum í viku

Leir – nokkrum sinnum í viku

Lím – einu sinni í viku

Leikræn tjáning – einu sinni í viku

Niðurstöður úr svarlistum:**Brúarendi**

Söngur – daglega

Hljóðfæri – mánaðarlega

Dans – nokkrum sinnum í viku

Málning - nokkrum sinnum í viku

Leir - nokkrum sinnum í viku

Lím - nokkrum sinnum í viku

Leikræn tjáning - nokkrum sinnum í viku

Tillaga að umbótum frá Brúarenda: að flétta þessi tjáningaform meira saman.

Suðurhlíð

Söngur – daglega

Hljóðfæri – einu sinni í viku/mánaðarlega

Dans – nokkrum sinnum í viku

Málning - nokkrum sinnum í viku

Leir - nokkrum sinnum í viku

Lím – einu sinni í viku

Leikræn tjáning – daglega

Tillaga að umbótum frá Suðurhlíð: að taka hljóðfærin oftari inn á deild og búa til hljóðfæri.

Lambhóll

Söngur – daglega

Hljóðfæri – Einu sinni í viku

Dans – nokkrum sinnum í viku

Málning - mánaðarlega

Leir - mánaðarlega

Lím - mánaðarlega

Leikræn tjáning – gátu ekki svarað

Tillaga að umbótum frá Lambhól: hreyfistund er orðin partur af vikuskipulagi þar sem dans og leikræn tjáning koma inn. Meiri innivera og þá meiri vinna með efnivið.

Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar – spurningalisti til deilda

Nóvember 2017

Að búa börnum umhverfi og andrúmsloft sem auðveldar þeim að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og örvar skapandi hugsun í leik, bæði inni og úti

	Fjölbreyttir litir	Málning	Vatnslitir	Lím og efni til að líma	Skæri	Jarðleir
Hvaða efnivið hafa börnin aðgang að og geta sjálf náð í þegar þau kjósa						
Athugasemdir						
Umbætur Hvað má bæta?						
Hvaða efnivið hafa börnin unnið með úti síðusta hálfa árið						
Athugasemdir						
Umbætur Hvað má bæta?						

Mat á markmiðum í námskrá Sæborgar

Nóvember 2017

Eftir ytra mat Menntamálaráðuneytisins á starfsháttum Sæborgar bentu athugendur á að það yrði að vera sýnilegt hvernig við metum þau markmið sem við setjum í námskrá Sæborgar. Áfram var haldið í þeirri vinnu

Aðferð: Matsnefnd valdi tvö markmið úr námskrá Sæborgar og voru þau metin á deildarfundum á skipulagsdegi 24. nóvember 2017.

Brúarendi er með ca. 4 ½ - 5 ½ gömul börn

Suðurhlíð er með ca. 3 ½ - 4 ½ gömul börn

Lambhóll er með ca. 2 – 3 ½ árs gömul börn

1. *Að búa börnum umhverfi og andrúmsloft sem auðveldar þeim að koma eigin hugmyndum í framkvæmd og örvar skapandi hugsun í leik, bæði inni og úti.*

Spurt var um aðgang barna aðgang barna að ákveðnum efnivið inni á deild, þ.e.

4. Fjölbreyttir litir
5. Málning
6. Vatnslitir
7. Lím og efni til að líma
8. Skæri
9. Jarðleir/Steinleir

Niðurstöður úr svarlistum:

Lambhóll

Svar við spurningu um hvaða efnivið þau hafa aðgang að:

Þetta er varhugavert efni á meðan þau eru svona lítil. Þetta gæti farið út um vegg og gólf.

Athugasemdir: Það er mikilvægt að starfsfólk bjóði börnunum að leika með þessi efni reglulega svo að þau læri að umgangast þau.

Umbætur: Ekkert skrifað

Svar við spurningu um hvaða efniviður hefur verið notaður úti síðastliðna 6 mánuði:

Athugasemdir: Ekkert skrifað

Umbætur: *Það væri hægt að mála úti, fara út í myrkrið og leika með skugga og ljós. Einnig gras í mismunandi formi.*

Svar við spurningu um hvort umhverfið á deildum sé hreyfanlegt og breytilegt.

Hvernig: *Auðvelt að færa húsgögnin.*

Hvað mætti bæta: Ekkert skrifað.

Suðurhlíð

Svar við spurningu um hvaða efnivið þau hafa aðgang að:

Börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttum litum en ekki málningu, vatnslitum, leir, lími + efni til að líma, skærum og jarðleir.

Athugasemdir: *Við viljum hafa málningu sýnilegri en ekki að þau geti farið í hana sjálf. Við viljum líka hafa vatnsliti og lím en það þarf að kenna þeim umgengni í kringum þennan efnivið.*

Umbætur: Ekkert skrifað

Svar við spurningu um hvaða efniviður hefur verið notaður úti síðastliðna 6 mánuði:

Krítar, málning, vatnsliti, skæri og jarðleir.

Athugasemdir: Ekkert skrifað

Umbætur: Ekkert skrifað

Svar við spurningu um hvort umhverfið á deildum sé hreyfanlegt og breytilegt.

Hvernig? Já, hillur hreyfanlegar.

Hvað mætti bæta: *Innstungur mættu vera fleiri upp á fjölbreyttari lýsingu og ljósaborð.*

Brúarendi

Svar við spurningu um hvaða efnivið þau hafa aðgang að:

Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum litum, vatnslitum, límstiftum + efni til að líma og skærum.

Athugasemdir: *Purfum að passa málninguna svo að hún fari ekki í föt.*

Umbætur: *Hafa fjölbreyttari liti og kenna þeim betur að nota liti.*

Svar við spurningu um hvaða efniviður hefur verið notaður úti síðastliðna 6 mánuði:

Málning og skæri

Athugasemdir: Ekkert skrifað

Umbætur: *Það gengur mjög vel með málninguna úti en þarf að passa mjög vel fötin þeirra.*

Svar við spurningu um hvort umhverfið á deildum sé hreyfanlegt og breytilegt.

Hvernig? Oft skipt um efnivið. Húsgögn færast eftir þörfum. Mismunandi verkefni og möguleikar fyrir fjölbreyttari leiki.

Hvað mætti bæta: *Bæta aðeins umgengni og hjálpa. Kenna börnunum að nota leiksvæði með virðingu fyrir leik.*

2. Að börnin upplifi að hlustað sé á skoðanir þeirra, hugmyndir og óskir og að börnin geti haft áhrif á umhverfi sitt.

Niðurstöður úr svarlistum:

Lambhóll

Spurt var hversu oft börnin ráða hvaða leikefni þau leika með. Svarmöguleikar voru: daglega, nokkrum sinnum í viku og einu sinni í viku: *Einu sinni í viku*

Athugasemdir: *Þau eru ennþá of lítil til að velja hvaða efnivið þau leika með. Þau leika mikið í frjálsum leik.*

Umbætur: Hægt er að gefa val í litlum hópum um hvað skal leika og þá undir stjórn starfsmanns.

Spurt var um hvað fleira hafa börnin tækifæri til að ráða og ákveða sjálf.

Hvar þau sitja í matartímanum, hvar þau sitja í söngstund, hvað þau leika með í frjálsum leik og við hvern.

Suðurhlíð

Spurt var hversu oft börnin ráða hvaða leikefni þau leika með. Svarmöguleikar voru: daglega, nokkrum sinnum í viku og einu sinni í viku: *Daglega*

Athugasemdir: Við spyrjum hvað þau vilja hafa inni á deild.

Umbætur: Skipta reglulega út dóti og ekki hafa of mikið í einu.

Spurt var um hvað fleira hafa börnin tækifæri til að ráða og ákveða sjálf.

Í matarflæði ráða þau hvað þau borða og hvar þau setjast. Einnig hvað þau gera úti og inni í leik. Stundum er val um söngstundir (hvort þau taka þátt eða leika frammi). Einnig að kennarar útbúi skapandi rými sem börnin geta haft áhrif á.

Brúarendi

Spurt var hversu oft börnin ráða hvaða leikefni þau leika með. Svarmöguleikar voru: daglega, nokkrum sinnum í viku og einu sinni í viku: *Daglega*.

Athugasemdir: Ekkert skrifað

Umbætur: Ekkert skrifað

Spurt var um hvað fleira hafa börnin tækifæri til að ráða og ákveða sjálf.

Við hlustum á börnin þegar þau tjá skoðanir og grípum hvert tækifæri að þau ráði og ákveði sjálf um leiki þeirra, umræðuefni í samveru og þemu.

Skráning á skapandi efnivið

Nafn deildar:

Starfsmenn deilda skrá jafnóðum þegar eftirfarandi skapandi efniviður er notaður.

	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags	Dags
Hljóðfæri															
Málning															
Vatnslitir															
Skæri															
Lím															
Jarðleir															
Dans															
Leikræn tjáning															

Niðurstöður skráninga á skapandi efnivið

2. janúar – 16. febrúar 2018

Brúarendi

- Hljóðfæri – 0 sinnum
- Málning – daglega
- Vatnslitir – daglega
- Skæri – daglega
- Lím – daglega
- Jarðleir – næstum því daglega
- Dans – 8 sinnum en mjög oft í lok dagsins í viðbót
- Leikræn tjáning – 1 sinni

Suðurhlíð

- Hljóðfæri – 4 sinnum
- Málning – 2 sinnum
- Vatnslitir – 2 sinnum
- Skæri – 5 sinnum
- Lím – 3 sinnum
- Jarðleir – 13 sinnum
- Dans – 14 sinnum
- Leikræn tjáning – 18 sinnum
- Sandur – 2 sinnum
- Þræða – 4 sinnum

Lambhóll

- Hljóðfæri – 3 sinnum
- Málning – 3 sinnum
- Vatnslitir – 8 sinnum
- Skæri – 6 sinnum
- Lím – 0 sinnum
- Jarðleir – 14 sinnum
- Dans og hreyfistundir inni – 10 sinnum
- Leikræn tjáning – 1 sinni
- Vettvangsferð 2 sinnum

Garðar

- Hljóðfæri – 2 sinnum
- Málning – 7 sinnum
- Vatnslitir – 0 sinnum
- Skæri – 1 sinni
- Lím – 0 sinnum

- Steinleir – 5 sinnum
- Dans – 8 sinnum
- Leikræn tjáning – 3 sinnum
- Þræða

Niðurstöður skráninga á skapandi efnivið
17. febrúar – 1. maí 2018

Suðurhlíð

- Hljóðfæri – 9 sinnum
- Málning – 20 sinnum
- Vatnslitir – 20 sinnum
- Skæri – 24 sinnum
- Lím – 21 sinnum
- Jarðleir – 18 sinnum
- Dans – 17 sinnum
- Leikræn tjáning – 20 sinnum
- Hljóðfæragerð – 3 sinnum
- Röðunarleikur – 21 sinnum
- Ljósmyndun – 7 sinnum

Spurningalisti til deildarstjóra um vellíðun barna

Skiptið þið barnahópnum í minni hópa í **samverustundum**?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Athugasemdir:

Skiptið þið barnahópnum í minni hópa í **skapandi starfi**?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Athugasemdir:

Skiptið þið barnahópnum í **útiveru og inniveru að vetri til**?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Athugasemdir:

Skiptið þið barnahópnum í **útiveru og inniveru að sumri til**?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Athugasemdir:

Tekst ykkur að skapa **róandi andrúmsloft** á deildinni ykkar?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Athugasemdir:

Teljið þið ykkur hafa tækifæri til að **nýta allan leikskólann** fyrir starf með börnunum?

Já, oft Já, stundum Sjaldan Aldrei

Niðurstöður um velliðun barna

Maí 2018 – Niðurstöður

Skiptið þið barnahópnum í minni hópa í **samverustundum**?

Svarmöguleikar voru: Já oft, já stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Já, stundum

Suðurhlíð – Já, oft

Lambhóll – Já, oft (barnahópnum skipt í tvennt)

Garðar – aldrei (erum bara búin að vera fá, 10-11 börn)

Skiptið þið barnahópnum í minni hópa í **skapandi starfi**?

Svarmöguleikar voru: oft, stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Já, oft

Suðurhlíð – Já, oft

Lambhóll – Já oft

Garðar – Já, oft

Skiptið þið barnahópnum í **útiveru og inniveru að vetri** til?

Svarmöguleikar voru: oft, stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Já, oft

Suðurhlíð – Já, oft

Lambhóll – Já, oft

Garðar – Sjaldan (erum fá, förum oftast öll út)

Skiptið þið barnahópnum í **útiveru og inniveru að sumri** til?

Svarmöguleikar voru: oft, stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Já, oft

Suðurhlíð – Já, stundum

Lambhóll – Á ekki við

Garðar – Sjaldan (erum fá, förum oftast öll út)

Tekst ykkur að skapa **róandi andrúmsloft** á deildinni ykkar?

Svarmöguleikar voru: oft, stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Já, oft

Suðurhlíð – Já, oft

Lambhóll – Já oft

Garðar – Já, oft

Teljið þið ykkur hafa tækifæri til að **nýta allan leikskólann** fyrir starf með börnunum?

Svarmöguleikar voru: oft, stundum, sjaldan, aldrei.

Brúarendi – Sjaldan

Suðurhlíð – Já, oft

Lambhóll – Já, stundum

Garðar – Já, stundum

Starfsmannakönnun

maí 2018

Metinn var starfsandi og starfsánægja

- Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af þínum yfirmanni/yfirmönnum?

Já, nokkrum sinnum

Já, einu sinni

Nei

Varst þú ánægð/ur með hrósið

Já

Að einhverju leyti

Nei

- Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af samstarfsmanni þínum?

Já, nokkrum sinnum

Já, einu sinni

Nei

Varst þú ánægð/ur með hrósið

Já

Að einhverju leyti

Nei

- Hefur þú hrósað samstarfsmanni síðasta mánuð?

Já, fleiri en einum

Já, einum

Nei

- Færð þú hvatningu frá yfirmanni/mönnum á jákvæðan hátt?

Oft

Stundum

Aldrei

Nýttist sú hvatning þér í starfi?

Já, mikið

Já, að einhverju leyti

Nei

- Færð þú ábendingar í þínu starfi á jákvæðan hátt?

Oft

Stundum

Aldrei

Nýtast þér þær ábendingar í starfi?

Já, mikið

Já, að einhverju leyti

Nei

- Athugasemdir?

Starfsmannakönnun maí 2018

Niðurstöður

Starfsandi og starfsandi

Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af þínum yfirmanni/yfirmönnum?

Já, nokkrum sinnum – 13

Já, einu sinni - 4

Nei - 0

Varst þú ánægður með hrósið

Já - 16

Já, að einhverju leyti - 0

Nei - 1

Hefur þér verið hrósað síðasta mánuð af samstarfsmanni þínum?

Já, nokkrum sinnum - 15

Já, einu sinni -

Nei - 2

Varst þú ánægður með hrósið?

Já - 15

Já, að einhverju leyti - 0

Nei – 0

Svaraði ekki - 2

Hefur þú hrósað samstarfsmanni síðasta mánuð?

Já, fleiri en einum - 15

Já, einum - 1

Nei - 1

Fær þú hvatningu frá yfirmanni/mönnum á jákvæðan hátt?

Oft - 8

Stundum - 9

Aldrei - 0

Nýttist sú hvatning þér í starfi?

Já, mikið - 11

Já, að hverju leyti - 6

Nei - 0

Færð þú ábendingar í þínu starfi á jákvæðan hátt?

Oft - 9

Stundum - 7

Aldrei - 1

Nýtast þér þær ábendingar í starfi

Já, mikið - 10

Já, að hverju leyti - 7

Nei - 0

Niðurstöður

Í könnun um starfsanda kom ýmislegt jákvætt í ljós. Yfirmenn (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar) standa sig nokkuð vel í að hrósa og hafði flestum starfsmönnum verið hrósað nokkrum sinnum af yfirmanni en fjórum starfsmönnum einu sinni. Hrósir þóttu uppbyggileg nema einum starfsmanni fannst það ekki.

Starfsfólk er jafnframt duglegt að hrósa hvert öðru á jafningjagrundvelli enda þarf ekki yfirmann til þess að hrósa. Öllum nema tveimur hafði verið hrósað af samstarfsfólki. Mikilvægt er að allir starfsmenn hafi það í huga að hrós frá skiptir máli. Flestir sögðust hafa hrósað öðrum nema einn starfsmaður sem vonandi finnur það hjá sér sem fyrst að hrósa öðrum.

Þátturinn sem sneri að jákvæðum ábendingum og hvatningu kom ágætlega út sem ýmist eru settar fram oft eða stundum.

Starfsmannakönnun maí 2018

Slysavarnir og fyrsta hjálp

- Hefur þú sótt námskeið í fyrstu hjálp?
Já, síðastliðið ár
Já, fyrir nokkrum árum
Nei
- Veist þú hvar sjúkrakassi Sæborgar er?
Já
Nei
- Veistu þú hvar bráðaupplýsingar barna eru geymdar, þ.e. nöfn og símanúmer foreldra og nánustu aðstandenda?
Já
Nei
- Þekkir þú verklagsreglur ef slys ber að höndum?
Já, mjög vel
Að einhverju leyti
Nei
- Athugasemdir:

Starfsmannakönnun maí 2018

Niðurstöður

Slysavarnir

Hefur þú sótt námskeið í fyrstu hjálpi?

Já, síðastliðið ár - 9

Já, fyrir nokkrum árum - 6

Nei - 2

Veist þú hvar sjúkrakassi Sæborgar er?

Já - 16

Nei - 1

Veist þú hvar bráðaupplýsingar barna eru geymdar, þ.e. nöfn og símanúmer foreldra og nánustu aðstandenda?

Já - 15

Nei - 2

Þekkir þú verklagsreglur ef slys ber að höndum?

Já, mjög vel - 5

Já, að einhverju leyti - 7

Nei - 5

Niðurstöður

Um helmingur starfsmanna sótti námskeið í fyrstu hjálpi sem haldið var í Sæborg í haust. Sex aðrir starfsmenn fóru fyrir nokkrum árum en tveir starfsmenn hafa aldrei farið á slíkt námskeið. Við teljum það mjög nauðsynlegt að Skóla- og frístundasvið bjóði upp á námskeið í fyrstu hjálpi með reglulegu millibili svo að hægt sé að senda nýtt starfsfólk á námskeið jafnóðum auk þess sem reyndara starfsfólk þarf að fara á námskeiðið með ákveðnu millibili. Þessi námskeið eru afar dýr fyrir leikskólana og ekki raunhæft að þeir taki hálfan starfsdag á hverju ári þessi námskeið.

Allir nema einn starfsmaður vissu hvar sjúkrakassi Sæborgar er og aðeins tveir vissu ekki hvar bráðaupplýsingar barna eru geymdar. Hins vegar þurfum við að skerpa verklagsreglur ef slys ber að höndum þar sem einungis fimm starfsmenn þekkja þær vel, sjö starfsmenn að einhverju leyti og fimm alls ekki.

Umbætur

Endurskoða og kynna verklagsreglur þegar slys ber að höndum á starfsdegi í október. Huga að því að senda nýja starfsmenn á námskeið í fyrstu hjálpi.

Starfsmannakönnun maí 2018

Niðurstöður

Erfið hegðun og reglur

Finnst þér þú kunna að taka á erfiðri hegðun?

Já, kann það vel - 5

Að einhverju leyti - 11

Nei

Einn svaraði ekki

Varst þú viðstödd/viðstaddur á fyrirlestri Bjargar sérkennslustjóra vorið 2017 um hvernig á að taka á erfiðri hegðun?

Já - 6

Nei - 10

Hefur þú kynnt þér útprentaðar glærur frá fyrirlestri Bjargar sem liggja inni á kaffistofu (nefnist Fræðslufundur um hegðun- og hegðunarstjórnun?

Já - 6

Að einhverju leyti - 2

Nei – 8

Þekkir þú þær reglar sem börnin bjuggu til síðasta vor?

Já, þekki þær vel - 6

Að einhverju leyti - 2

Nei - 8

Finnst þér þú þekkja þær reglur sem gilda í Sæborg?

Já, þekki þær vel - 8

Að einhverju leyti - 6

Nei - 2

Niðurstöður

Flestir starfsmenn telja sig kunna vel eða að einhverju leyti að taka á erfiðri hegðun barna. Minna en helmingur starfsmanna var á fyrirlestri Bjargar sérkennslustjóra um erfiða hegðun síðasta vor og sýnir það hversu mikil breyting hefur verið á starfsmannahópnum á innan við ári. Jafnframt hafi innan við helmingur starfsmanna kynnt sér glærur frá fyrirlestrinum. Helmingur starfsmanna þekkir ekki þær reglur sem börnin bjuggu til síðasta vor og eru þær einungis sýnilegar á Suðurhlíð. Flestir þekkja vel eða að einhverju leyti þær reglur sem gilda í Sæborg.

Umbætur

Ræða reglur barnanna í barnahópnum og setja þær fram á skýran hátt inni á hverri deild.

Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því. Ræða þær reglur í starfsmannahópnum sem m.a. lúta að öryggi barnanna á starfsdegi í október.

Mat elstu barnanna á Sæborg Samtal leikskólastjóra við börnin í júní 2018

Samtalið fóru fram inn í fundarherberginu Skotinu.

Framkvæmd

Blandaður hópur stelpna og drengja, sem öll eru á sjötta ári. Spurningar voru opnar og börnin stjórnuðu samtalinu eftir því hver áhugi þeirra var. Börnin höfðu mismikið úthald og var þeim leyft að fara þegar þau voru búin að fá nóg. Í fyrsta samtalinu var of heitt inn í herberginu og hafði það áhrif á úthald hópsins eins og má sjá á myndinni.

Fyrsti hópur - Ylfa, Agla, Saga og Tristan Emil



Þreytti hópurinn og Ylfa farin þar sem hún hafði ekki fleiri hugmyndir

Annar hópur - Svana, Eva Bryndís, Sigga, Loki og Hilmar Árni



Hressi hópurinn (búið að opna hurðina). Hilmar og Loki voru farnir höfðu ekki meira að segja

Hvernig hefur ykkur liðið í leikskólanum?

- ☐ Vel
- ☐ Skemmtilegt
- ☐ Þreytt

Hvað er skemmtilegt?

- ☐ Fara í ferðir – kíkja hvað er í húsinu eins og t.d. Hörpu
- ☐ Leika úti
- ☐ Hestaleikur
- ☐ Sulla í vatni
- ☐ Sulla í vatni og fara ofan í kerid
- ☐ Gaman að fara í sumarfrí – fara á hótél
- ☐ Krissa er skemmtileg af því hún er með langt hár og falleg (sumir fóru að hlæja af þessu). Hún er líka hugmyndarík.

Hvaða staðir eru skemmtilegir/áhugaverðir í leikskólanum?

- ☐ Brúarendi (elsta deildin)

- *Úti*
- *Skotið* (fundarherbergið þar sem við erum í núna samtalið fór fram)

Hvernig eiga kennarar að vera?

- *Skemmtilegir*
- *Hugmyndaríkir*
- *Fara í leiki*

Eru þið hugmyndarík?

- *Já, svöruðu allir*

Hvað mynduð þið gera ef þið fengjuð að ráða öllu í heilan dag?

- *Fara í ferð með skipi út í Viðey*
- *Taka niður rennibrautina og byggja RISASTÓRAN klifurvegg*
- *Leika og hlaupa úti*
- *Teygja mig*
- *Vera allan daginn úti*
- *Alltaf ís, ristabrauð og hakk og spagettí*

Getur þú (Tristan Emil) teiknað þennan klifurvegg fyrir mig?

- *Já (Tristan Emil)*
- *Ég vil teikna villihesta (Ylfa)*
- *Ég vil teikna litla garðinn (Agla)*
- *Ég vil teikna skip (Saga Eir)*

Hvað ætlið þið að gera þegar þið hættið?

- *Melaskóla – sumir voru búnir að læra leiðina*
- *Svíþjóð í skóla út í rassgati*
- *Hjallastefnuskóla*
- *Króatíu*
- *Laugarnesskóla*

Þau fóru sum að spyrja leikskólastjórann hvað hann ætlaði að gera þegar hann hætti.

Leikskólastjóri vissi það ekki, svo hann spurði þau hvað þeim fyndist að hann ætti að gera?

- *Fara að vinna í Grandaskóla*
- *Eða fara í vinnu, venjulega vinnu*

Er leikskóli ekki vinna?

- *Nei, þetta er skóli, ekki vinna*
- *Jú, annars kannski, fyrir kennara, skólastjóra og kokka*
- *Pabbi minn fer stundum til Kína í vinnunni sinni*

Er eitthvað erfitt í leikskólanum?

- Erfitt að vakna – pabbi er alltaf að vekja mig
- Get ekki hvílt mig í leikskólanum af því það eru brjáluð læti
- Væri gott að hafa leiksvæði uppi í geymslu, koma svo niður og leggja sig
- Vantar rúm
- Labba hratt yfir götu og leiðast

Ýmislegt sem kom án spurninga:

- Langar að vera í leikskólanum einn dag yfir sumartímann (hásumarið)
- Sakna krakkana sem eru hættir (fóru í grunnskóla í fyrra)
- Sveitaferð á Bjarneyjarsand var eftirminnileg hjá tveimur stúlkum og vildu þær teikna mynd frá þeirri ferð

Hér var einn viðmælandi í fyrsta hópnum búinn að fá nóg sagðist ekki hafa fleiri hugmyndir. Loftleysið var líka orðið mikið þó allir gluggar væru opnir.

Börnin ætluðu að teikna myndir fyrir leikskólastjórnann af því sem þeim fannst áhugaverðast í leikskólanum.



Bjarneyjarsandur – Eva



Litli garður - Agla (Saga hjálpaði smá)



Klifurveggur - Tristan Emil



Bjarneyjarsandur - Svana



Bjarneyjarsandur (Sigga)



Sjóferð út í Viðey - Saga

10.2 Umsögn foreldraráðs

Starfsárið 2017-2018 einkenndist að einhverju leiti að áskorunum tengdum starfsmannamálum, en í upphafi starfsárs vantaði tíu starfsmenn á leikskólann og fór ekki að sjá til lands í þeim málum fyrr en um áramótin þegar yngsta deildin, Garðar, var loks opnuð. Það hefur þó tekist vel til í ráðningum og hafa t.a.m. tveir leikskólakennarar verið ráðnir inn, auk þess sem sá þriðji útskrifast líklega í haust. Þrátt fyrir þessar áskoranir í starfi hefur starfið verið metnaðarfullt í vetur, t.a.m. hefur jólagjafaverkefnið haldið áfram að blómstra, í foreldraviku föndruðu börn og foreldrar saman búninga og Sæborg tók þátt í verkefni með Dalskóla í tengslum við barnamenningarhátíð sem lauk með sýningu á Kjarvalsstöðum um Reykjavík, borgina okkar. Þessi verkefni hefur Anna Gréta listasmiðjustjóri og aðstoðarleikskólastjóri borið uppi, með stuðningi Soffíu leikskólastjóra og eiga þær mikið hrós skilið.

Almennt teljum við í foreldraráði starfið á Sæborg til fyrirmyndar. Mikil áhersla er lögð á að efla sjálfstæði barna á leikskólanum, á yngstu deildunum með því að hvetja þau til að klæða sig sjálf, borða sjálf og stjórna ferðinni í leik – og eftir því sem börnin eldast byrja þau í „matarflæði“, þau fá að kynnst lýðræðinu með því að stjórna ferðinni í verkefnum eftir áhuga hópsins og fá þjálfun í að tjá sig. Þrátt fyrir erfiðan vetur í starfsmannamálum hefur ekki verið slegið af í þessum efnum og Sæborg heldur áfram að leggja áherslu á að þróa þessi verkefni áfram til að efla barnahópinn.

Samstarf við Myndlistarskóla Reykjavíkur, Dalskóla, auk samstarfsverkefni leikskólans við Melaskóla og aðra leikskóla í tengslum við skólahóp heppnaðist vel og telur foreldraráð jákvætt að slíkt samstarf sé í gangi og full ástæða til að halda því áfram.

Starfið er borið uppi af starfsfólki Sæborgar, og því skiptir miklu máli að á Sæborg starfi hæft starfsfólk sem er ánægt í starfi. Það eru því mjög jákvætt að starfsánægja hafi aukist á Sæborg – og vonandi heldur hún áfram að aukast. Líkt og í fyrra hafa foreldrar talsverðar áhyggjur af starfsmannamálum, þó staðan sé mun betri en á sama tíma í fyrra. Almennt hefur á leikskólum Reykjavíkur reynst erfitt að ráða inn nýtt fólk til starfa, og sér í lagi fagmenntað fólk. Við ítrekum því væntingar okkar um að borgaryfirvöld snúi vörn í þessum málaflokki og taki á þessum vanda í eitt skipti fyrir öll.

Starfið á Sæborg er metnaðarfullt og til eftirbreytni, og starfsáætlun ársins 2018-2019 er í góðu samræmi við það. Starfsfólk leikskólans á mikið hrós skilið fyrir að halda leiðarljósi leikskólans í öndvegi, og líta á börnin sem sterka og skapandi einstaklinga sem hafa mikið fram að færa – en á hverjum degi taka börnin þátt í spennandi verkefnum, vettvangsferðum og ýmis konar ævintýrum eins og þeir foreldrar sem fylgjast með á Instagram geta glögglega séð. Nú stendur leikskólinn á tímamótum en Soffía leikskólastjóri lætur nú af störfum eftir áratuga starf sem leikskólastjóri Sæborgar. Foreldraráð vill nota tækifærið og þakka henni fyrir hennar óeigingjarna brautryðjendastarf í þágu barnanna á Sæborg í gegnum tíðina og óska henni alls hins besta.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Trausti Þorgeirsson

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri	Dagsetning
Aðstoðarleikskólastjóri	Dagsetning



Frá opnun sýningarinnar
Reykjavík – borgin okkar
á Kjarvalsstöðum